

FMS 2019-36
ISBN 978-9935-9478-4-0
ISSN 2547-8060



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR TOURISM RESEARCH IN ICELAND

NÓVEMBER 2019

Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 - Húsavík

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2019

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 - Húsavík
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2019-36
ISBN: 978-9935-9478-4-0
ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Aðferðir og framkvæmd	3
Húsavík.....	6
Ferðamannabærinn Húsavík - frá sjónarhóli íbúa	9
Viðhorf til fjölda ferðamanna	11
Áhrif á daglegt líf heimamanna	12
Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu	14
Áhrif á samfélagið	19
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu á Húsavík?	23
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? – Allir staðir.....	24
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu á Húsavík?	25
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? – Allir staðir	26
Eykur ferðaþjónusta bjartsýni og hafa íbúar eitthvað um þróun hennar að segja?	27
Samantekt.....	28
Umræður og lokaorð – Allir staðir.....	29
Niðurstöður símakönnunar á Húsavík – tíðnitöflur og bakgrunnsgreining.....	32
Niðurstöður símakönnunar: Samanburður á Egilsstöðum, Húsavík, í Reykjanesbæ og Stykkishólmi	74
Viðtalsrammi rannsóknar – Allir staðir	88
Spurningalisti símakönnunar – Allir staðir.....	89

INNGANGUR

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar á viðhorfum heimamanna á Húsavík til ferðamanna og ferðaþjónustu sem fór fram haustið 2018. Ferðamennska og ferðaþjónusta geta haft margvísleg menningarleg og félagsleg áhrif á samfélag heimamanna, sem aftur getur hefur áhrif á viðhorf fólks til atvinnugreinarinnar. Ljóst er að þegar staður umbreytist í áfangastað ferðamanna hefur það áhrif á líf íbúa¹. Því hafa þeir sem rannsaka félagsleg áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku gjarnan beint sjónum sínum að lífsgæðum íbúa en áhrifin geta verið margbreytileg^{2;3;4;5}. Þá hefur einnig verið sýnt fram á að staðbundin einkenni hvers staðar og samfélags geta haft áhrif á viðhorf íbúa⁶. Rannsóknir fræðimanna hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi þess að heimamenn séu hafðir með í ráðum þegar kemur að uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu og að velvilji þeirra sé mikilvægur liður í sjálfbærri þróun greinarinnar⁷. Því er áriðandi að vel sé fylgst með viðhorfum íbúa og skynjun þeirra á áhrifum ferðamennsku í samfélagi þeirra⁸.

Kannanir á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamennsku hafa farið fram með reglubundnum hætti frá árinu 2014. Í þessum könnunum eru áhrifin skoðuð ýmist á landsvísu eða í einstökum bæjarfélögum og tengjast markmiði stjórnvalda um að hugað verði að því að tryggja áfram jákvætt viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu⁹. Tvær kannanir hafa verið gerðar á landsvísu á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu; sú fyrri árið 2014¹⁰ og sú síðari síðla árs 2017¹¹. Á árunum 2015 og 2016 voru gerðar tvær tilviksrannsóknir innan einstakra samfélaga



Vegvísir í miðbæ Húsavíkur

¹ Kim, K., Uysal, M. og Sirgy, M.J. (2013). How does tourism in a community impact the quality of life of community residents?. *Tourism Management*, 36, 527-540. doi: 10.1016/j.tourman.2012.09.005

² Almeida-García, F., Balbuena-Vázquez, A. og Cortés-Macías, R. (2015). Residents' attitudes towards the impacts of tourism. *Tourism Management Perspectives*, 13, 33-40. <https://doi.org/10.1016/j.tmp.2014.11.002>

³ Sharpley, R. (2014). Host perceptions of tourism: A review of the research. *Tourism Management*, 42, 37-49. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2013.10.007>

⁴ Deery, D., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*, 33, 64-73. <https://doi.org/10.1080/15980634.2019.1663998>

⁵ Rastegar, R. (2019). Tourism development and conservation, do local resident attitudes matter?. *International Journal of Tourism Sciences*, 19(3), 181-191. <https://doi.org/10.1080/15980634.2019.1663998>

⁶ Tosun, C. (2002). Host perceptions of impacts: A comparative tourism study. *Annals of Tourism Research*, 29(1), 231-253. doi: 10.1016/S0160-7383(01)00039-1

⁷ Cheer, J.M., Milano, C. og Novelli, M. (2019). Tourism and community resilience in the Anthropocene: accentuating temporal overtourism. *Journal of Sustainable Tourism*, 27, 554-572. <https://doi.org/10.1080/09669582.2019.1578363>

⁸ Prayag, G., Hosany, S., Nunkoo, R. og Alders, T. (2013). London residents' support for the 2012 Olympic Games: the mediating effect of overall attitude. *Tourism Management*, 36, 629-640. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2012.08.003>

⁹ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir ferðaþjónustu*. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar.

¹⁰ Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014. Unnið fyrir Ferðamálastofu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

¹¹ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

á Íslandi. Árið 2015 var unnin tilviksrannsókn á Ísafirði, Húsavík, Hellu og 101 Reykjavík¹². Tekin voru viðtöl við íbúa en auk þess voru gerðar vettvangsathuganir. Árið 2016 var svo gerð rannsókn á Siglufirði, Mývatnssveit og Höfn í Hornafirði¹³. Í gagnaöflun var notast við blandaðar rannsóknaraðferðir, annars vegar með hálfopnum viðtölum við íbúa, sem byggðu á viðtalsramma rannsóknar Háskólans á Hólum frá því 2015 og hins vegar með spurningakönnun meðal íbúa.

Viðhorf heimamanna í einstökum samfélögum á Íslandi 2018

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fól Rannsóknamiðstöð ferðamála að kanna áhrif ferðaþjónustu og ferðamanna á íbúa á einstökum svæðum á Íslandi haustið 2018. Um var að ræða tilviksrannsókn sem unnin var í fjórum bæjarfélögum sem valin voru í samráði við Ferðamálastofu. Bæjarfélögin voru Egilsstaðir, Húsavík, Reykjanesbær og Stykkishólmur. Við staðarval var skýrsla ferðamálaráðherra um þolmörk ferðamennsku¹⁴ höfð til hliðsjónar ásamt niðurstöðum landskönnunar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á viðhorfum íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017¹⁵. Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa ekki verið könnuð áður á þessum stöðum nema á Húsavík en þar fór fram rannsókn á félagslegum áhrifum árið 2015¹².

Kynning rannsókna, aðferðafræði og niðurstöður eru birtar í samantektarskýrslu fyrir hvern og einn stað en þær eru allar settar fram á sambærilegan hátt. Á eftir greinargerð um framkvæmd og aðferðir rannsókna eru staðhættir og ferðamennska í viðkomandi bæjarfélagi kynnt áður en greint er frá niðurstöðunum. Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar á Húsavík. Niðurstöður símakönnunarinnar eru eftir atvikum bornar saman við niðurstöður landskönnunar 2017 almennt og einnig sérstaklega við niðurstöður fyrir Norðurland en þær byggja á svörum íbúa á svæði Markaðsstofu Norðurlands í landskönnuninni. Einnig er í einstaka tilfellum samanburður við hin bæjarfélögin þrjú sem könnuð voru haustið 2018. Framkvæmd og úrvinnsla hrágagna símakönnunar var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en viðtöl, greining, skýrsluvinnsla og verkefnastjórn var í höndum Rannsóknamiðstöðvar

ferðamála. Gagnasafninu frá símakönnuninni var skilað til Ferðamálastofu sem gerir þau aðgengileg í Mælaborði ferðaþjónustunnar. Aftast í þessari samantekt er að finna tíðnitöflur og bakgrunnsgreiningu fyrir hverja spurningu í könnuninni á Húsavík. Þar er einnig að finna töflur með niðurstöðum úr hverri spurningu símakönnunarinnar með samanburði milli bæjarfélaganna fjögurra.

Höfundur vill færa öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakkir fyrir gott samstarf. Sérstakar þakkir fá heimamenn á Húsavík fyrir góðar undirtektir í viðtölum og símakönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni.



Ferðamaður kíkti á glugga upplýsingamiðstöðvar á Hafnarstétt 2. október 2018 sem hafði þá verið lokað fyrir veturinn

¹² Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

¹³ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

¹⁴ *Skýrsla ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku*. Lögð fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017-2018. Sótt 24. apríl 2019, af <http://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/0717.pdf>.

¹⁵ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD

Rannsóknin sem hér um ræðir er tilviksrannsókn í fjórum bæjarfélögum þ.e. Egilsstöðum, Húsavík, Reykjanesbæ og Stykkishólmi. Gagna var annars vegar aflað með viðtölum við íbúa og hins vegar með spurningakönnun sem var lögð fyrir úrtak íbúa gegnum síma. Sömu aðferðum var beitt í öllum bæjarfélögum fjórum. Spurningakönnunin var lögð fyrir samtímis á öllum stöðum en viðtölin fóru fram á einum stað í einu. Tekið skal fram að allar upplýsingar sem koma fram um aðferðir og framkvæmd gagnaöflunar fyrir rannsóknina í heild sinni eru, eðli málsins samkvæmt, eins í öllum samantektarskýrslunum. Fyrst verður gerð grein fyrir framkvæmd spurningakönnunarinnar og síðan framkvæmd viðtala.

Spurningakönnun (símakönnun)

Í símakönnun voru spurningar lagðar fyrir íbúa í bæjarfélögum fjórum um viðhorf þeirra til ferðamanna og ferðaþjónustu. Spurningalistinn er í grunninn sá sami og lagður var fyrir í landskönnun 2017 sem gefur tilefni til samanburðar á landsvísu og á landshlutavísu. Þó voru nokkrar spurningar úr landskönnun lagðar til hliðar þar sem ekki þótti ástæða til að leggja þær fyrir á svæðisbundna vísu. Þess í stað voru settar inn nýjar spurningar til prófunar til að kanna gildi þess að leggja þær fyrir á landsvísu¹⁶.

Símakönnunin var gerð samtímis á öllum stöðunum á tímabilinu 8. nóvember til 2. desember 2018. Lagt var upp með að fá 400 svör á hverjum stað en í úrtakinu voru 3.697 einstaklingar og fengust alls 1.481 svör (svarhlutfall 40%). Á Húsavík var tekið 908 manna úrtak og fjöldi svara var 403 (svarhlutfall 44%). Í töflunni hér til hliðar má sjá úrtak og bakgrunn svarenda símakönnunarinnar á Húsavík.


Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar

Húsavík		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	908	
	Fjöldi svara	403	44%
Kyn	Karlar	202	50%
	Konur	200	50%
Aldur	18-29	35	9%
	30-44	70	17%
	45-59	147	36%
	60+	156	39%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	81	20%
	Stúdentspróf eða iðnnám	149	37%
	Annað starfsnám	45	11%
	Háskólapróf	120	30%
Lengd búsetu á Húsavík	5 ár eða skemur	41	10%
	6-10 ár	23	6%
	11-20 ár	51	13%
	21-30 ár	63	16%
	Lengur en 30 ár	226	56%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	219	54%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	65	16%
	Í námi	13	3%
	Á eftirlaunum	77	19%
	Annað	25	6%
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	78	19%
	Nei	322	80%
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?	Já	186	46%
	Nei	120	30%

¹⁶ Hluti nýrra spurninga varð til í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði og Félagsvísindastofnun í tilefni rannsóknar á félagslegum þolmörkum íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu sumarið 2018. Rannsóknin var unnin fyrir Samtök sunnlesskra sveitarfélaga. Sjá

nánar: Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir. (2019). *Nýr veruleiki í mótun? Rannsókn vegna áhersluverkefnis SASS „Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“*. Hornafirður: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.

Í töflunni hér á undan má sjá að 19% svarenda á Húsavík sögðust starfa í ferðaþjónustu en á myndinni hér fyrir neðan sést að 39% svarenda á Húsavík höfðu sjálfir eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum hluta úr ári eða allt árið. Hlutfall svarenda með engar heimilistekjur af ferðamönnum var svipað í öllum bæjarfélögum fyrir utan Egilsstaði þar sem hlutfallið var langhæst.



Gögnin úr símakönnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Gögnin voru greind með tilliti til nokkurra bakgrunnspáttá. Þeir eru: kyn, aldur, menntun, búseta, lengd búsetu á viðkomandi svæði, staða á vinnumarkaði, hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu og hvort hann geti hugsað sér að starfa við hana. Í samantektarskýrslunni eru niðurstöður settar fram á myndrænan hátt fyrir Húsavík og settar í samhengi við niðurstöður úr landskönnun eða við samanburð við hin bæjarfélögin þrjú.

Viðtöl

Í öllum bæjarfélögum voru tekin hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við íbúa sem valdir voru með hentugleikaúrtaki. Markmiðið var að taka að minnsta kosti 5 viðtöl á hverjum stað eða 20 viðtöl í heildina. Viðtölin urðu alls 24 og var rætt við 12 karla og 12 konur. Í viðtölunum var lögð áhersla á að fá fram reynslu og upplifun viðmælenda af ferðamönnum og ferðaþjónustu í þeirra daglega umhverfi. Með viðtölunum er leitað eftir ítarlegri upplýsingum og dýpri skilningi á viðhorfum og upplifun íbúa en hægt er að ná fram með megindlegri spurningakönnun. Viðtölin varpa þannig ljósi á mikilvægi tiltekinna áhrifaþátta og hvernig íbúarnir bregðast við þeim. Hafa ber í huga að viðtöl sem þessi hafa ekki alhæfingargildi fyrir niðurstöður rannsóknarinnar heldur dýpka þau skilning á niðurstöðum spurningakönnunarinnar á hverjum stað^{17,18}. Hins vegar gefa viðtölin mynd af því hvernig viðmælendur færðu í orð upplifanir sínar á ferðaþjónustu og ferðamennsku og hvaða skilning þeir lögðu í þessi atriði á þeim tíma sem viðtölin fóru fram.

Sami spurningarammi var notaður á öllum svæðunum fjórum en hann var í grunninn sá sami og notaður var í rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem gerð var 2016 í Mývatnssveit, á Siglufirði og á Höfn í Hornafirði¹⁹. Áhersla var lögð á að ná til einstaklinga 18 ára og eldri sem höfðu fasta búsetu á viðkomandi svæði og höfðu ferðaþjónustu ekki endilega að aðalstarfi því rannsóknir hafa sýnt að þeir sem hafa tekjur af ferðaþjónustu eru að jafnaði jákvæðari í garð greinarinnar en aðrir íbúar^{20,21}. Til að nálgast viðmælendur var farið í gegnum svokallaða lykilmenn eða tengiliði ýmist á svæðunum eða sem höfðu tengsl við svæðin og höfðu það hlutverk að koma með ábendingar um hugsanlega viðmælendur sem uppfylltu ofangreind skilyrði.

Símanúmera var aflað gegnum upplýsingavefinn Já þar sem hægt er að nálgast skráð símanúmer einstaklinga. Notast var við Excel töflureikni til að raða nöfnunum upp á handahófskenndan hátt. Samband var haft við einstaklinga samkvæmt

¹⁷ Sígurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 393-402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

¹⁸ Veal, A.J. (2006). *Research Methods for Leisure and Tourism. A Practical Guide*. Essex: Pearson Education Limited.

¹⁹ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála

²⁰ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

²¹ Deery, M., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*, 33, 64-73. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2011.01.026>

uppröðun töflureiknisins og ef ekki náðist í einstakling var hringt í þann næsta og svo koll af kolli. Haft var samband við einstaklinga símleiðis, þeim kynnt rannsóknin og boðin þátttaka. Ef einstaklingur samþykkti þátttöku var hann beðinn um að gefa upp netfang og fékk sent kynningarbréf um rannsóknina, sem einnig innihélt ítarlegar upplýsingar um ábyrgðaraðila, hljóðritun, meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, rétt þátttakenda til að hætta við þátttöku og staðfestingu á viðtalstíma.

Við undirbúning rannsókna var horft til nýrra persónuverndarlaga og voru allir þátttakendur beðnir um að veita upplýst samþykki fyrir þátttöku. Í rannsókninni var hvorki farið fram á né unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Viðtölin voru hljóðrituð og voru að jafnaði um 50 mínútna löng. Þau voru síðan afrituð, kóðuð og greind. Allar upplýsingar sem þátttakendur veittu í rannsókninni voru gerðar ópersónugreinanlegar og meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu kröfum um trúnað og nafnleynd. Til þess að aðgreina þátttakendur í niðurstöðum greiningar voru þeim gefin gervinöfn sem fundin voru í gögnum Hagstofu Íslands yfir 100 algengustu eiginnöfn karla og kvenna og valin 12 algengustu nöfnin fyrir hvort kyn^{22,23}.



Ferðamenn á gangi á Hafnarstétt að lokinni hvalaskoðun

Viðtölin á Húsavík

Viðtölin á Húsavík fóru fram dagana 1.-4. október en tvö þeirra fóru fram í Reykjavík. Rætt var við þrjá karla og þrjár konur á aldrinum 38-59 ára. Ekkert þeirra taldi sig hafa bein tengsl við ferðaþjónustu á Húsavík. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá númer viðtals (H=Húsavík), gervinafn einstaklings og uppruna hans. Í ljósi persónuverndar er ekki gerð frekari grein fyrir bakgrunni viðmælenda þar sem þeir búa allir í fámennum samfélögum og kunna frekari upplýsingar um starfsstéttir, þjóðerni, félagastörf, lengd búsetu o.s.frv. að vera persónugreinanlegar.

Númer	Nafn	Uppruni
H1	Guðmundur	Er úr sveitinni við Skjálfanda
H2	Sigríður	Er úr sveitinni við Skjálfanda
H3	Margrét	Aðflutt en búð á Húsavík í 30 ár
H4	Helga	Fædd og uppalin á Húsavík
H5	Gunnar	Fæddur og uppalinn á Húsavík
H6	Jóhann	Aðfluttur en búð á Húsavík í 20 ár

Viðtölin fóru fram á stöðum sem valdir voru af þátttakendunum sjálfum. Tvö voru tekin í opinberu rými; annað á hóteli og hitt í Háskóla Íslands, fjögur fóru fram á vinnustað viðkomandi þátttakenda og eitt fór fram á heimili viðkomandi.

Greining viðtalanna í þessu mótaðist af spurningarammanum en þau eru hvernig ferðamannastaður viðkomandi bæjarfélag er og fjöldi ferðamanna; áhrif á daglegt líf, efnahag og atvinnulíf; jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðaþjónustunnar og framtíðarsýn. Einnig komu fram ný þemu sem voru sértæk fyrir Húsavík og má þar nefna atvinnumál, árstíðasveiflur, skipulagsmál og auðugt mannlíf. Beinar tilvitnanir í orð viðmælenda eru settar fram í bláum textakössum, í nokkrum tilfellum hefur þeim verið lítillega breytt til þess að forðast persónugreinanlegar upplýsingar.

²² Hagstofa Íslands. (2019). Eiginnöfn karla 1. janúar 2017. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir_Nofn_Nofnkk/MAN11101.px.

²³ Hagstofa Íslands. (2019). Eiginnöfn kvenna 1. janúar 2017. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir_Nofn_Nofnkvk/MAN11111.px.

HÚSAVÍK

Húsavík við Skjálfanda er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins Norðurþings. Frá Reykjavík tekur um það bil sex klukkustundir að keyra norður eftir hringveginum til Húsavíkur. Frá Akureyri tekur um klukkustund að keyra til Húsavíkur um ný Vaðlaheiðargöng. Húsavíkurflugvöllur er í Aðaldal, um 10 kílómetra sunnan við þéttbýlið og tekur flug þangað frá Reykjavík um það bil 45 mínútur.

Sveitarfélagið Norðurþing er tæplega 3800 km² að stærð. Sveitarfélagið varð til árið 2006 þegar Húsavíkurbær, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur sameinuðust. Íbúafjöldi í Norðurþingi 1. janúar 2019 var 3042, þar af búa 76% á Húsavík (2323 manns)^{24,25}. Atvinnulíf er fjölbreytt en aðalátvinnuvegir eru sjávarútvegur, ýmis opinber þjónusta, margskonar þjónustuiðnaður, landbúnaður og þjónusta við ferðamenn²⁶. Undanfarinn áratug hefur sveitarfélagið og Húsavík glímt við fólksfækkun samhliða samdrætti í sjávarútvegi, landbúnaði, matvælaíðnaði og verslun²⁷ sem reynt hefur verið að sporna við. Í aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 voru miklar væntingar til til uppbyggingar stóriðju sem ætlað var að skjóta styrkari stoðum undir atvinnulíf og búsetu í Norðurþingi og nágrennabyggðum²⁸. Talið var að stóriðja yrði til að fjölga störfum fyrir íbúa á svæðinu og jafnframt veita grunn fyrir jákvæða íbúapróun²⁹. Árið 2017 varð viðsnúningur í íbúapróun þegar íbúum sveitarfélagsins tók að fjölga á ný. Talið er að uppbygging kísilver PCC á Bakka hafi átt þátt í því³⁰ en uppbyggingin hófst árið 2015 og var kísilverið gangsett vorið 2018³¹.

Auk iðnaðaruppbyggingar er ferðaþjónusta skilgreind sem einn helsti vaxtarmöguleiki atvinnulífsins í Norðurþingi. Talið er að ferðaþjónustan með hvalaskoðun á Skjálfanda í broddi fylkingar hafi spornað við fólksfækkun á svæðinu þegar aðrar atvinnugreinar drógust saman³². Hvalaskoðunin hófst árið 1995³² og er síðan þá orðin áberandi í ásýnd miðbæjarins og á hafnarsvæðinu. Í dag er Húsavík orðin þekkt sem „höfuðborg hvalanna“. Fjögur hvalaskoðunarfyrirtæki eru nú á Húsavík³³ en þar fyrir utan er ýmiss konar þjónusta við ferðamenn s.s. fjölbreytt gisting, veitingastaðir, sundlaug, skíðasvæði, bruggverksmiðja og golfvöllur sem og söfn og sýningar³⁴. Með aukinni ferðamennsku hefur verið lögð áhersla á nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustu í Norðurþingi. Í áfangastaðaáætlun Norðurlands³⁵ er Húsavík og Norðurþing á svæði 3 (N3) ásamt Mývatssveit og Þingeyjarsveit. Í áætluninni koma fram vonir um að Heimskautsgerðið á Raufarhöfn, Fuglastígurinn og Norðurstrandaleið muni byggja frekar undir ferðaþjónustu á svæðinu. Auk þess eru í áætluninni vonir bundar við lagningu bundins slitlags á Dettifossveg sem tengir Dettifoss og Ásbyrgi vestan Jökulsár á Fjöllum. Með þessu yrði til hringtenging, sk. Demantshringur, en inni í honum eru helstu perlur Norðausturlands; Mývatn, Húsavík, Dettifoss og Ásbyrgi³⁵. Uppbygging hefur einnig farið fram á Húsavík en haustið 2018 opnuðu sjóböð við Húsavíkurhöfða sem geta tekið á móti 100.000 gestum á ári³⁵.

²⁴ Hagstofa Íslands. (2019). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2019. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/table/table_ViewLayout1/?rxid=654abc64-8d33-4e80-ae32-23024ae2ef1d.

²⁵ Hagstofa Íslands. (2019). Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 1998-2019. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_Byggdajarnar/MAN03105.px.

²⁶ Norðurþing. (e.d.). Húsavík. Sótt 15. ágúst 2019, af <https://www.nordurthing.is/is/mannlif/byggdarlogin/husavik>

²⁷ Byggðastofnun. (2015). *Norðurland eystra. Stöðugreining 2014*. Sótt 15. ágúst 2019, af <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/nordurland-eystra.stodugreining-2014.pdf>

²⁸ Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030. 1.-22. kafli: Meginforsendur og stefna 16. nóvember 2010. Reykjavík: Alta.

²⁹ Kísilmálmverksmiðja á Bakka við Húsavík með allt að 66 þúsund tonna framleiðslugetu. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla 4. febrúar 2013. Reykjavík. EFLA verkfræðistofa.

³⁰ Þekkingarnet Þingeyinga. (2018). *Mannfjöldapróun í Þingeyjasýslu. Breytingar á einum áratug 2009-2018*. Sótt 21. ágúst 2019, af https://www.hac.is/wp-content/uploads/2019/01/Mannfjoldi%3%b6lda%3%ber%3%b3un-2009-2018_5.pdf.

³¹ Viðskiptablaðið. (2018. 1. maí). *Kísilver PCC á Bakka gangsett*. Sótt 15. ágúst 2019, af <https://www.vb.is/frettir/kisilver-pcc-bakka-gangsett/146775/>

³² Þekkingarnet Þingeyinga. (2014). *Próun og staða ferðaþjónustu á Húsavík. Niðurstöður ferðavenjukannana sumrin 2013 og 2014*. Sótt 15. ágúst 2019, af <https://www.hac.is/wp-content/uploads/2015/01/Husavik-ferdavenjur-2013-og-2014-netutgafa.pdf>

³³ Upplifðu Norðurland (e.d.). Hvalaskoðun á Húsavík. Sótt 15. ágúst 2019, af <https://www.northiceland.is/is/north/hvalaskodun-a-husavik>.

³⁴ Upplifðu Norðurland (e.d.). Húsavík – í Norðurþingi er gott að njóta lífsins.. Sótt 15. ágúst 2019, af <https://www.northiceland.is/is/hugmyndir/thettbyliskjarnar/baer/husavik>.

³⁵ Markaðsstofa Norðurlands. (2018). *Áfangastaðaáætlun Norðurlands. Okkar áfangastaðaður*. Sótt 15. ágúst 2019, af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/dmp_skyrsla_2018_webpdf

Erlendir ferðamenn á Húsavík

Sumarið 2018 var gerð könnun um ferðavenjur erlendra ferðamanna á Húsavík. Könnun var framkvæmd fyrir Ferðamálastofu af Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík og Rannsóknamiðstöð ferðamála og voru niðurstöðurnar birtar í samantektarskýrslu sumarið 2019³⁶. Þessi könnun hefur farið fram samfelld frá árinu 2013 og gefur því greinargóðar vísbendingar um breytingar og þróun í komum og dvöl erlendra ferðamanna á Húsavík. Við úrvinnslu könnunarinnar 2018 var stuðst við upplýsingar um brottfarir erlendra farþega um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og gögn úr landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands til að áætla fjölda ferðamanna á Húsavík sumarið 2018. Talið er að 317 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið til Húsavíkur á árinu 2018 sem virðist vera fækkun frá árinu áður þegar áætlaður fjöldi var 346 þúsund. Óljóst er hvað olli fækkuninni en í skýrslunni eru leiddar að því líkur að aukið framboð á hvalskoðun á Norðurlandi geti átt þátt í því. Árið 2018 komu 83% ferðamanna til Húsavíkur á tímabilinu maí-september.

Könnunin 2018 leiddi í ljós að tæp 80% svarenda komu til Húsavíkur vegna hvalanna í Skjálfanda og að flestir hefðu tekið ákvörðun um að koma til Húsavíkur áður en ferðin hófst. 39% svarenda gistu í bænum að minnsta kosti eina nótt. Hlutfall næturgesta var 28% árið á undan. Meðaldvalarlengd svarenda sem gisti á Húsavík var 1,8 dagar en var 1,6 dagar árið á undan. Þrátt fyrir fækkun í fjölda ferðamanna milli ára þá reyndist meðaldvalarlengd dagsesta hafa lengst (úr 6,2 klst. árið 2017 í 6,7 klst. 2018) og hlutfall næturgesta hækkaði milli ára. Rúm 60% svarenda voru dagsferðamenn á Húsavík en flestir þeirra gistu á Norðurlandi eystra ýmist nóttina áður eða næstu nótt. Líkt og í könnunum fyrri ára var hvalaskoðun langvinsælasta afþreyingin á Húsavík. Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring reyndust vera 18.085 krónur og voru afþreying, gisting og veitingar hæstu útgjaldaliðirnir. Flestir (77%) höfðu greitt fyrir afþreyingu og veitingar 66% á Húsavík. Langflestir svarendur könnunarinnar voru ánægðir með dvölinu á Húsavík (ánægjustigið=4,6 af 5 mögulegum) og 67% voru líklegir til að mæla með Húsavík sem áfangastað, einkum vegna hvala og hvalaskoðunar, fegurðar staðarins og



Hvalaskoðunarbátar við Húsavíkurhöfn

náttúru. Þeir sem ekki tóku afstöðu eða voru ólíklegir til meðmæla sögðu helst að auka þyrfti þjónustuframboð og lækka verð á vörum og þjónustu. Þrír af hverjum fjórum sögðu að hvalir og hvalaskoðun hefði verið hápunktur heimsóknarinnar í bæinn.

³⁶ Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019). *Erlendir ferðamenn á Húsavík sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa. (sjá <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/atta-stadir-2018/rmf-husavik-2018.pdf>)

Viðhorf heimamanna á Norðurlandi

Í niðurstöðum könnunar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu 2017 voru niðurstöður teknar saman fyrir Norðurland³⁷ og birtar í sérstakri samantektarskýrslu. Af niðurstöðunum að dæma virðist ferðapjónustan hafa töluverðan meðbyr af hálfu heimamanna á Norðurlandi og að almennt sé góð sátt milli heimamanna og atvinnugreinarinnar í landshlutanum. Að mati Norðlendinga hafði ferðamennska og ferðapjónusta jákvæð áhrif á samfélag, efnahag og atvinnulíf í landshlutanum og styrkti stöðir samfélags heimamanna. Jafnframt kom í ljós að íbúar á Norðurlandi urðu sjaldnar en aðrir landsmenn fyrir ónæði vegna ferðamanna jafnt í daglega lífinu sem í opinberu rými. Þá kváðust þeir hafa notið góðs af öflugri verslun og þjónustu á svæðinu og finna minnst allra fyrir því að ferðamenn takmarki aðgengi þeirra að þjónustu en að verðhækkun á vörum og þjónustu hefði verið stór ókostur við vaxandi ferðapjónustu á svæðinu. Þrátt fyrir almenna bjartsýni og ánægju með stöðu mála höfðu íbúar á Norðurlandi vissar áhyggjur af þróun ferðapjónustunnar og vildu gjarnan að ýmsar úrbætur yrðu gerðar á aðstöðu fyrir ferðamenn s.s. salernisaðstöðu. Auk þess töldu þeir afar brýnt að gera úrbætur á akvegum til að draga úr hættu í umferðinni og að bæta aðgengi að landshlutanum s.s. í flugsamgöngum.

Viðhorf heimamanna á Húsavík

Af þeim fjórum bæjarfélögum sem voru til rannsóknar á árinu 2018 er Húsavík eina bæjarfélagið þar sem viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu hafi verið skoðuð áður. Árið 2015 gerði Háskólinn á Hólum vettvangsathuganir og viðtalsrannsókn fyrir Ferðamálastofu á félagslegum áhrifum á heimamenn á Húsavík. Höfuðáherslur rannsóknarinnar voru á upplifum heimamanna af ferðamennsku og ferðapjónustu, hvaða skilning þeir leggja í þessi fyrirbæri og hvaða áhrif þau hafa á daglegt líf heimamanna³⁸. Í niðurstöðum kom fram að heimamenn voru meðvitaðir um að Húsavík er ferðamannabær og voru þeir sáttir við þá ímynd bæjarins. Einhugur var meðal viðmælenda í rannsókninni um að

hvalskoðun væri aðaládráttaraflið og voru þeir stoltir af því þó svo að þeir hefðu sjálfir aldrei verið uppteknir af hvölnum. Viðmælendur báru ferðamönnum og viðmóti þeirra vel söguna, og sögðu þá velkomna í bæinn enda hefði nærvera ferðamanna hefði gert bæinn líflegri yfir sumartímann. Þá höfðu viðmælendur allir nýtt sér aukið þjónustuframboð, einkum veitingahúsin. Allir viðmælendur höfðu farið í hvalaskoðun eða sent sína gesti í hvalaskoðun. Þrátt fyrir líflegri bæ var ljóst að fjöldi ferðamanna var farinn að valda heimamönnum óþægindum í miðbænum en fyrst og fremst var um að ræða umferðarmál og lengri bið eftir vörum og þjónustu. Áhyggjur heimamanna um að ferðamönnum væri hætta búin í umferð miðbæjarins fengust staðfestar í vettvangsathugunum þar sem rannsakendur urðu ítrekað vitni að atvikum þar sem umferð akandi og gangandi blandaðist saman á litlu svæði þar sem ferðapjónustan er fyrst og fremst; á Garðarsbraut og Hafnarstétt. Að mati viðmælenda var nauðsynlegt að skipuleggja betur bílastæði, gangbrautir og aðstöðu fyrir hópferðabíla þar sem þröng er á þingi.

Árangur hvalaskoðunarfyrtækjanna og uppbygging ferðapjónustu í bænum var viðmælendum rannsóknarinnar 2015 öllum kunn og var vitund þeirra um hlut heimamanna í uppbyggingu fyrtækjanna mjög skýr. Einhugur var um að ferðapjónustan væri mikilvæg atvinnugrein þó svo hún hefði ekki verið skilgreind sem aðalstoð atvinnulífsins. Viðmælendur voru á einu máli um að fleiri stöðir þyrfti í atvinnulíf bæjarins og var þeim tíðrætt um uppbyggingu stóriðju á Bakka. Á þeim tíma sem viðtölin fóru fram var uppi nokkur óvissa um hvernig samspili stóriðju og ferðapjónustu myndi farnast á Húsavík en viðmælendur vonuðu að báðar atvinnugreinar myndu ná að dafna í bænum.

Í þjónustukönnun³⁹ sem Norðurþing lét gera árið 2016 kom fram að íbúar urðu mikið varir við ferðamenn í sveitarfélaginu. Um 55% svarenda könnunarinnar fannst fjöldi ferðamanna í sveitarfélaginu vera hæfilegur en 31% sagði fjöldann vera heldur of mikinn eða alltof mikinn. Þrátt fyrir það voru svarendur jákvæðir í garð ferðamanna og til áhrifa þeirra á framboð þjónustu í sveitarfélaginu.

³⁷ Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). *Viðhorf íbúa á Norðurlandi til ferðamanna og ferðapjónustu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. (sjá: <http://www.rmfi.is/static/research/files/nordurlandpdf>)

³⁸ Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðapjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

³⁹ Norðurþing. (2016). *Viðbótarspurningar um erlenda ferðamenn – Norðurþing*. Sótt 15. ágúst, af https://www.nordurthing.is/static/files/nordurthing_2016_ferdamenn_til_birtingar.pdf.

FERÐAMANNABÆRINN HÚSAVÍK - FRÁ SJÓNARHÓLI ÍBÚA

Í viðtölum við íbúa haustið 2018 kom skýrt fram að ferðaþjónustan á Húsavík hafi fyrst og fremst snúist um hvalaskoðun. Viðmælendur voru mjög meðvitaðir um að aðalaðdráttarafli og ímynd bæjarins væri fólgið í hvölnum og að tengslin milli hvala og Húsavíkur/Skjálfanda væru afar sterk í hugum ferðamanna.

HJARTA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR SLÆR Í HVALASKOÐUNINNI

„Hvalaskoðunin er hjartað í þessu. Af því að við erum búin að vera í þessu síðan 1993 eða eitthvað, þá tengist hvalaskoðunin því að margir útlendingar vita hvar Skjálfandi er.“

Helga (H4)

Fram kom að vegna hvalanna á Skjálfanda komi fjöldi ferðamanna í bæinn á hverju sumri og að fjöldinn virðist stigvaxandi. Viðmælendur héldu að þó svo að margir ferðamenn gisti í bænum komi meirihlutinn til Húsavíkur aðeins til að fara í hvalaskoðun og/eða á Hvalasafnið og fari síðan aftur. Af lýsingum íbúa í viðtölunum að dæma var þjónusta við ferðamenn í hvalaskoðun grunnurinn að frekari uppbyggingu í bænum. Stórt hótél hafi verið endurbyggt fyrir nokkrum árum og að fjöldi veitingastaða í bænum væri orðinn þónokkur. Auk þess væri í bænum fleiri gististaðir, þar á meðal tjaldstæði, söfn, sundlaug auk nýrra sjóbaða við Húsavíkurhöfða, sem viðmælendur höfðu miklar væntingar til.

VELGENGNI ÞRÁTT FYRIR FJÖLDANN

„Næstum allir ferðamenn sem koma til Húsavíkur koma út af einu og það er til að fara í hvalaskoðun. Og ég held að langflestir sem komi til að fara í hvalaskoðun og fari svo bara í burtu. Þetta er sko meira en 100.000 manns sem kemur á þessum þremur mánuðum inn í bæjarfélag þar sem búa innan við 2500 manns. Það segir sig sjálf að yfir háannatímann þá eru fleiri ferðamenn en heimamenn í bænum. Auðvitað hefur það svakaleg áhrif. Auðvitað er fullt af fólki sem er að gista. Það er búið að byggja upp svaka stórt hótél og bæta við fullt af herbergjum. En ég held að það sem túristinn gerir er að fara í hvalaskoðun og í hvalasafnið. Heilt yfir þá er alveg með ólíkindum hvað það gengur vel hjá svona litlum byggðakjarna að taka á móti 100.000 manns á ári.“

Jóhann (H6)

FYRIRTÆKI Í VEXTI

„Ef við horfum á hvalaskoðunina þá eru núna þrjú fyrirtæki í þessum rekstri. Með umfangsmikla veltu og það er bara mikils virði fyrir hvert samfélag. En þessi fyrirtæki hafa vaxið og í mörg ár heyrði maður að þetta vex nú ekki meira en það óx alltaf meira.“

Guðmundur (H1)

Í viðtölunum kom fram að þrátt fyrir að bærinn taki á móti þúsundum ferðamanna á hverju sumri hafi það yfirleitt gengið vel. Allir voru sammála um að hvalaskoðunin hefði haft mikil áhrif á ásýnd miðbæjarins og að áhrif hennar hefðu smitast út í samfélagið. Efast var um að án hennar væri bærinn samur. Einhugur var um að hvalaskoðunin og ferðamennirnir sem í hana sækja hafi lífgað upp á bæinn. Af því lífi gerðu allir viðmælendur góðan róm. Á sumrin myndist oft góð stemning á Stéttinni og í miðbænum og að veitingastaðirnir séu sneisafullir af fólki að njóta lífsins.

IÐANDI MANNLÍF

„Hefurðu verið hérna á sumrin? Það er eiginlega ekki hægt að lýsa því. Þú getur bara ímyndað þér, það er allt krökkt þarna. Það er rosa mikið af ferðamanni. Og einmitt, borð úti, borða úti, kaffihús úti og þú getur valið bara endalaust. Ég þekki fólk sem finnst gaman og drekkur alveg menninguna í sig, sitja úti á Hvalbak, Gamla Bauk, í bakaríinu úti.“

Helga (H4)

ÁHRIF FRÁ HVALASKOÐUN ÁÞREIFANLEG Í BÆNUM

„Ég hef stundum hugsað: „Hvað ef það hefði ekki verið hvalaskoðun á Húsavík?“ Það væru bara verri lífsskilyrði fyrir okkur íbúana. Ég fengi minni þjónustu, fleiri staðir lokaðir, minni uppbygging, minni vöxtur, minni verslun. Þetta helst allt í hendur.“

Gunnar (H5)

STUÐNINGUR VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU

„Það eru held ég margir sem bara fagna því sem vel gengur í ferðaþjónustunni.“

Sigríður (H2)

Ferðaþjónustan höfðar ekki til allra

Í viðtölunum kom skýrt fram að hvalaskoðunin væri spennandi upplifun fyrir ferðamenn. Flestir viðmælendur höfðu að farið í að minnsta kosti eina slíka ferð og þótt það vera áhugaverða upplifun. Þeir efuðust hins vegar um að þeir myndu fara aftur þar sem slíkt væri afar dýrt. Viðmælendum þótti ólíklegt að margir heimamenn hefðu farið í hvalaskoðun og töldu líklegra að heimamenn hefðu sjálfir takmarkaðan áhuga á hvölnum og hvalaskoðuninni. Þrátt fyrir góða stemningu og iðandi lífið, sem viðmælendum þótti einkenna ferðaþjónustuna á Húsavík, bentu allir á að slíkt væri ekki allra. Fram kom að þrátt fyrir að almenna ánægju meðal íbúa með lífið í bænum tækju ekki allir heimamenn þátt í því sem þar fer fram á sumrin. Fyrir því voru helst nefndar tvær ástæður. Annars vegar hefðu ekki allir áhuga á því, sem viðmælendum þótti vera í góðu lagi, það væri pláss fyrir alla. Hins vegar gat þjónusta og afþreying fyrir ferðamenn verið dýr eða að vöruframboð höfðaði ekki til heimamanna. Fram komu hjá sumum viðmælendum að þeim þætti betra að fara á veitingastaði á öðrum árstímum en yfir hásumarið. Margir þessir staðir eru afar þéttsetnir á sumrin og vildu viðmælendur gefa rekstraraðilum svigrúm til að þjónusta ferðamenn þegar þeir eru á svæðinu. Dæmi voru um að heimamenn hefðu fengið á tilfinninguna að nærveru þeirra væri ekki endilega óskað á sumum stöðum á háannatíma. Þá komu einnig fram sjónarmið um að heimamenn vilji frekar nýta sér það sem ekki kostar á Húsavík og nærsveitum. Að mati viðmælenda voru sjóböðin undanskilin þessu og hafði upplifunin af þeim heillað marga heimamenn, jafnt þá sem höfðu verið fylgjandi þeim framkvæmdum sem þá sem höfðu verið á móti.

SJÓBÖÐIN HEILLA HEIMAMENN

„Maður situr bara þarna og svo er brúnin á klettunum þarna og Kinnarfjöllin. Þetta er bara geggjað. Allt öðruvísi upplifun að sitja bara þarna og horfa og þú veist að þú horfir beint í norður. Og þú veist að það næsta sem er það er bara Norðrúppóllinn liggur við. Ef þú ferð á kvöldi þegar vitinn er í gangi og varpar ljósi yfir þetta. Þetta er sú velheppnaðasta framkvæmd á svæðinu í mörg, mörg ár. Ég er alveg viss um að túristarnir muni elska þetta.“

Jóhann (H6)

HVALASKOÐUN OF DÝR FYRIR HEIMAMENN

„Hvalaskoðunin er dýr og hvað þá ef þú ert með stórt heimili að þá er það bara mjög dýrt dæmi. Svo eru sjóböðin komin og það kannski held ég að fólk nýti sér meira heldur en hvalaskoðunina.“

Margrét (H3)

ÁNÆGJULEGT AÐ VERA FERÐAMAÐUR Í EIGIN BÆ

„Mér finnst rosa gaman að vera ferðamaður í mínum eigin bæ. Einmitt fara á þessa staði, fara út að borða og rölja á bryggjunni, þetta er bara geggjað.“

Helga (H4)

ÓKEYPIS AFÞREYING FREKAR FYRIR VALINU HJÁ HEIMAMÖNNUM

„Ég held að helsta nýtingin af hálfu heimamanna sé sjóböðin hér annars vegar og hins vegar jarðböðin uppi í Mývatnssveit. Og ef maður fer aðeins út fyrir Húsavík, eru tilboð um alls konar ferðir, bara upp í Öskju, upp í Lofthelli, guide-aðar ferðir. Ég held að heimamenn nýti sér það ekki. Það er þá einhver undantekning ef þú ert með hugsanlega erlenda gesti og þú ert með þeim. Í mesta lagi. Ég held að það sem við nýtum okkur, það er þjóðgarðurinn, við förum í göngutúra, heimsækjum þjóðgarðinn, heimsækjum Mývatnssveit. Það sem ekki kostar okkur.“

Sigríður (H2)

VILL EKKI TAKA PLÁSSIÐ FRÁ FERÐAMÖNNUM Á SUMRIN

„Ef ég tala út frá mér þá fer ég aldrei niður á Bauk á sumrin. Ég er bara að tala út frá mér. Ég fer bara á veturna bara út af því að ég veit að það er ekki pláss. Mér finnst ég vera fyrir sem heimamaður að fara til dæmis niður á Bauk. Það er bara svo mikið af ferðamönnum og mér finnst þau [veitingastaðurinn] bara ekki þurfa á mér að halda. Það er frekar að ég fari á veturna þegar ferðamenn eru ekki. Ég fer alveg og fæ mér bjór kannski á kvöldin en ég færi ekkert í mat þar endilega. Fyrir utan þar til dæmis kemur sérmatseðill sem er ekkert endilega hannaður fyrir mig. En ég fer samt mjög mikið út að borða, það er ekki það.“

Gunnar (H5)

VIÐHORF TIL FJÖLDA FERÐAMANNA


Mikil sveifla í fjölda ferðamanna milli árstíða

Töluverður munur var á viðhorfi Húsvíkinga til fjölda ferðamanna eftir árstíðum. Flestir svarendur símakönnunar á Húsavík sögðu að fjöldi ferðamanna væri hæfilegur á sumrin. Einn af hverjum fimm íbúum sagði þó að fjöldi ferðamanna væri heldur eða of mikill á sumrin. Nær algjör viðsnúningur var í viðhorfi til fjölda á veturna en 76% svarenda sagði að fjöldinn væri heldur of eða of lítill á veturna. Svarendur sem sögðu ferðamenn of fáa voru hlutfallslega fleiri á Húsavík en á Egilsstöðum, Stykkishólmi og Reykjanesbæ. Reyndist sá munur marktækur sem bendir til þess að af þessum fjórum bæjarfélögum sé árstíðasveifla í ferðamanna mest á Húsavík.

Lítill munur var á svörum mismunandi hópa á Húsavík. Þó voru konur og íbúar sem störfuðu ekki við ferðaþjónustu líklegustu hóparnir til að segja að fjöldi ferðamanna væri heldur eða of mikill á sumrin. Karlar og þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu voru frekar en aðrir hópar á því að fjöldi ferðamanna væri of lítill á veturna. Samanburður á svörum Húsvíkinga við landskönnun 2017 og svör íbúa á Norðurlandi leiddi í ljós lítinn mun á viðhorfum til fjölda ferðamanna á sumri. Aftur á móti var mikill munur á viðhorfi til fjölda að vetri til sem undirstrikar árstíðasveifluna enn frekar. Hlutfall svarenda sem þótti fjöldi ferðamanna vera of lítill var töluvert hærra á Húsavík en á Norðurlandi öllu.

Þeir íbúar á Húsavík sem tóku þátt í viðtölunum staðfestu að mikil sveifla hefði verið í komum ferðamanna eftir árstíma og að mikið meira væri um ferðamenn í bænum á sumrin en á öðrum árstímum. Allir voru sammála um ferðamenn væru einkar áberandi í bænum og í raun sjálfssögð sjón á sumrin en á veturna væri það lítið um ferðamenn í bænum að það þyki nær fréttæmt ef þeir sjást á þeim árstíma.

Hvað finnst þér um fjölda ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin og veturna?



FERÐAMENN VORBOÐAR EINS OG FARFUGLARNIR

„Það er stór munur á bænum eftir árstímum. Húsavík er ferðamannabær á sumrin. Og vorin og haustin þá finnst mér þetta vera ferðamannabær. En á veturna þá tekur maður eftir að það eru ferðamenn, það hefur verið að aukast. Þetta eru eins og farfuglarnir þegar maður fer að sjá þá: „Hey við sáum ferðamenn hérna í febrúar!“ Þá er talað um það. Meðan yfir hásumarið þá er það bara svo sjálfsgagt. Svo þegar fer að nálgast jóln þá eru það fréttir að maður er hættur að sjá ferðamenn og svo eru það fréttir þegar þeir birtast aftur, þannig lagað.“

Sigríður (H2)

ÁHRIF Á DAGLEGT LÍF HEIMAMANNA

Fjöldi ferðamanna bundinn við lítið svæði sem fer þó stækkandi

Í símakönnun sögðust rétt um sjö af hverjum tíu íbúum á Húsavík verða nær daglega varir við ferðamenn í bænum. Þó svo að um meirihluta sé að ræða urðu Húsvíkingar samt sem áður sjaldnar varir við ferðamenn en íbúar á Stykkishólms, Egilsstaða og Reykjanesbæjar. Ef horft er til niðurstaðna landskönnunar 2017 virðast Húsvíkingar einnig hafa sjaldnar orðið varir við ferðamenn í heimabyggðinni en íbúar á Norðurlandi. Í viðtölunum á Húsavík kom fram flóknari mynd. Fram kom að ferðamenn hefðu löngum verið algeng sjón í miðbænum á sumrin en síður á öðrum árstímum. Mesti ferðamannastraumurinn hefði löngum verið bundinn við lítið svæði sem afmarkist af Stéttinni, Krambúðinni, Húsavíkurkirkju og veitingahúsinu Sölku og að fáir ferðamenn hefðu leitað út fyrir það svæði. Viðmælendur voru sammála um að þetta væri að breytast og að svæðið sem ferðamenn væru á hefði stækkað. Fram kom að síðustu ár hefðu ferðamenn leitað lengra inn í hverfin, einkum þar sem gistingu og veitingastaði er að finna. Einnig var talað um að eftir að helsta matvöruverslunin var færð í útjaðar bæjarins leiti ferðamenn meira þangað. Oft megi sjá ferðamenn á leiðinni milli hennar og tjaldsvæðis. Viðmælendur sem bjuggu í norðanverðum bænum væntu þess að ferðamenn yrðu sýnilegri í hverfinu eftir að sjóböðin við Húsavíkurhöfða opnuðu. Í símakönnun komu fram mismunandi viðhorf um hvort Húsavík gæti tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður. Sex af hverjum tíu íbúum töldu að rými væri fyrir fleiri ferðamenn en þrjár af hverjum tíu íbúum voru því ekki sammála.

FERÐAMENN AÐALLEGA Á AFMÖRKUÐU SVÆÐI Í BÆNUM

„Ég bý aðeins frá kjarnanum og það er reyndar gistihús í götunni okkar. Ef það væri ekki þá myndum við aldrei verða vör við túrista. Túristarnir eru bara rétt við kirkjuna og niður á Stétt. Kirkjan, Salka, Krambúðin og Stétt. Það er svæðið.“


Jóhann (H6)

VIÐBÚIÐ AÐ SJÓBÖÐIN AUKI UMFERÐ

„Ég bý í norðanverðum bænum og ég veit ekki hvernig þetta verður núna þegar sjóböðin eru komin. Það eykur umferðina í hverfinu og kannski sérstaklega um eina tiltekna götu. Áður var fólk oft að labba upp á Húsavíkurhöfðann og mynda vitann og norðurljósin og svona. Það gæti breyst.“

Margrét (H3)

Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?



AUKIN UMFERÐ FERÐAMANNA Á GARÐARSBRAUT EFTIR AÐ NAUSTIÐ FLUTTI

„Síðustu þrjú ár hefur ferðamaðurinn verið að leita meira í áttina að bakaríinu, finnst mér. Hann fór ekki mikið lengra en að kirkjunni. Hann var niðri á bryggju og fór kannski upp tröppurnar og þar er kirkjan og bókabúð með minjagripum. Svo eru hvalafyrirtækin þar og hann fór ekkert mikið meira. Síðan eru þrjú ár síðan veitingastaðurinn Naustið opnaði, sem var áður niðri á höfn. Hann opnaði aðeins fyrir ofan bakaríið. Þá fann ég að ferðamenn fóru meira þangað. En ef maður fer hærra upp í húsnúmerum á Garðarsbrautinni þá sér maður engan ferðamann. Og svo finnur maður það náttúrulega, af því að það er bara ein matvöruverslun hérna, að ferðamaðurinn er farinn að leita meira þangað. Það er bara mjög þétt setið.“


Helga (H4)

Taka eftir ferðamönnum

Í viðtölum kom skýrt fram að vera ferðamanna í bænum er mjög sýnileg á sumrin og setji mikinn svip á bæinn. Nokkrir viðmælendur töluðu um að þeir tækju alltaf eftir ferðamönnum og sæktust jafnvel eftir því að vera í kringum þá. Aðrir viðmælendur sögðust ekki veita því sérstaka eftirtekt hvað ferðamenn gera í bænum og að dvöl þeirra snerti þá aðeins að takmörkuðu leyti. Í símakönnun kom fram að um sex af hverjum tíu íbúum á Húsavík höfðu ekki orðið fyrir meira ónæði í daglega lífinu en áður en þrír af hverjum tíu sögðu að ónæði hefði aukist. Nokkru munar þegar það er borið saman við svör Norðlendinga í landskönnun 2017 þar sem átta af hverjum tíu sögðust ekki hafa orðið fyrir auknu ónæði. Heimamenn sem tóku þátt í viðtölum sögðust sjaldan eða aldrei hafa orðið fyrir ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna en sumir höfðu heyrt sögur af ferðamönnum sem hefðu valdið íbúum ónæði. Aðeins einn viðmælandi hafði sjálfur orðið fyrir ónæði heima fyrir vegna heimagistingar í næsta húsi. Hann kenndi ekki ferðamönnum um heldur rekstraraðilanum um skipulagsleysi og skort á upplýsingum til sinna gesta um hvaða megi, hvað megi ekki og hvert skuli leita þegar þeir lendi í vandræðum.

Sjálfsagt mál að vísa ferðamönnum til vegar

Á Húsavík sögðust rúm 62% íbúa eiga vikulega samskipti við ferðamenn á sumrin, þar af sögðust 27% íbúa eiga samskipti við ferðamenn daglega. Hlutfall íbúa sem áttu í vikulegum samskiptum við ferðamenn var hæst á Húsavík samanborið við hin bæjarfélögin þrjú og var munurinn marktækur. Líkt og í hinum bæjarfélögum líkaði langflestum Húsvíkungum frekar (45%) eða mjög vel (43%) við að eiga samskipti við ferðamenn. Í viðtölum kom fram að sumir áttu ekki nein samskipti við ferðamenn. Aðrir sögðust þó reyna að vera vinalegir og heilsa á förnum vegi ef kostur gæfist en oftast nær einskorðist samskipti við vegvísanir þegar ferðamenn leiti eftir því eða þegar augljóst er að ferðamenn þurfi aðstoð til að ná áttum. Flestum viðmælendum bar saman um að það væri ekkert tiltökumál að veita slíka aðstoð. Þetta staðfesti símakönnunin en þar sögðust 88% svarenda á Húsavík vera fúsir til að veita ferðamönnum aðstoð til að bæta upplifun þeirra í heimabyggðinni.



REKST SJALDAN Á FERÐAMENN

„Ég er sjálf mjög lítið í bænum. Maður fer bara ef maður á erindi. Ég er ekki að velta því mjög mikið fyrir mér hvað ferðamenn eru að gera. Margir fara og skoða kirkjuna, maður tekur eftir því. Og svo eru þeir aðeins að tínast inn í búðirnar eða inn í veitingastaðina, kannski bara rölta um.“

Sigríður (H2)

FINNUR EKKI FYRIR ÓNÆÐI Í BÆNUM

„Ég á íbúðarhús í miðbænum og hef aldrei upplifað þetta sem ónæði. Ég talaði eitt sinn við eldri mann sem býr uppi í brekkunni norðar og hafði allt á hornum sér „Andskotans hávaði alltaf af veitingastöðunum“ og spurði hvort ég væri ekki alveg að farast út af þessu. „Nei,“ segi ég, „ég kannast ekki við þetta.““

Guðmundur (H1)

KENNIR FERÐAMÖNNUM EKKI UM ÓNÆÐIÐ

„Það hefur gerst, af því að fólk er að koma á veturna þá kemur það líka til að sjá norðurljós. Og þá fer það af stað klukkan 2 um nóttina, hlaupandi um garðana, öskrandi: „Taktu mynd“ og: „Komdu að sjá!“. Við höfum oft orðið fyrir svoleiðis ónæði. Annað hvort er það þetta eða fólk er að festa bílinn og bankar hjá okkur klukkan 11 um kvöldið til að grafa þau út. Þetta er allt í lagi einu sinni en maður nennir þessu ekki alltaf. Eða það bankar, veit ekki hvar lykillinn er og er pirrað við mig. Eins og ég eigi að vita hvar lykillinn að húsinu þeirra er. En það er ekki ferðamönnum að kenna. Þetta er bara óskipulag hjá þeim sem eru að selja þetta hús.“

Jóhann (H6)

LEIÐBEINA FERÐAMÖNNUM EFTIR ÞÖRFUM

„Maður sér stundum af því að maður veit hvar íbúðir eru þá er oft verið að leita og þá leiðbeinir maður þeim. Oft þarf bara að benda. Stundum þurfa þeir bara að labba hringinn í kringum húsið eða eitthvað.“

Helga (H4)

ÁHRIF Á EFNAHAG, ATVINNULÍF OG ÞJÓNUSTU

Ferðapjónustan einn af hornsteinum atvinnulífsins

Enginn vafi lék á efnahagslegu mikilvægi ferðapjónustu í huga Húsvíkinga eins og sjá má í myndinni hér til hliðar og samanborið við Norðurland er efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu meira á Húsavík. Húsvíkingar höfðu skiptar skoðanir á því hvort ferðapjónustunni hafi tekist að skapa heilsárs störf í bænum. Hlutfall svarenda sem sagði ferðapjónustu skapa heilsárs störf var langlægst á Húsavík (58%), samanborið við Stykkishólm (80%), Egilsstaði (72%) og Reykjanesbæ (92%). Þrátt fyrir það töldu langflestir Húsvíkingar ferðapjónustuna hafa góð áhrif á fjölbreytni í atvinnulífi og framboð þjónustu á svæðinu. Flestir töldu ferðapjónustu skapa heilsárs störf í samfélaginu og sex af hverjum tíu íbúum töldu ekki að ferðapjónusta tæki til sín starfsfólk á kostnað annarra atvinnugreina í bænum. Viðmælendur voru sammála um að ferðapjónustan væri einn af hornsteinum atvinnulífsins á Húsavík. Talað var um að þó svo að ferðapjónusta hefði í gegnum tíðina verið árstíðabundin og í sterkum tengslum við tímabil hvalskoðunarinnar þá væru ferðapjónustustörf í bænum mörg. Viðmælendur töldu að heils árs störf í ferðapjónustu í bænum væri orðin fleiri. Hótelið væri opið allt árið og margir veitingastaðir sömuleiðis.

TÍMABIL FERÐAÞJÓNUSTUNNAR HEFUR LENGST



„Hótelið er opið allt árið þó það þurfi að draga aðeins saman en það er fullt af fólki sem er að vinna allt árið við þetta. Svo er það bilið sem þarf að brúa það helst mikið í hendur við hvalskoðunina. Fyrir fimmtán, tuttugu árum var bara siglt í júní og út ágúst. Nú byrja þeir um miðjan mars og sigla alveg út október. Bilið sem við þurfum að brúa er orðið mikið styttra. Og líka með bátana. Það er fullt af mönnum að vinna í viðhaldi á þessum gömlu trébátum.“

Jóhann (H6)

MEIRA ÚRVAL ÞJÓNUSTU ALLT ÁRIÐ

„Það eru ekkert svo mörg ár síðan veitingastaðir voru ekkert opnir nema bara á sumrin. Eina sem var í boði í hádeginu á virkum degi frá október til maí var sjoppan. Við erum í rauninni að græða á ferðamanninum af því að við erum að fá meiri þjónustu. Það er meira í boði sem heimamenn njóta.“

Helga (H4)



Þjónusta við ferðamenn hefur bætt lífsgæði heimamanna

Einhugur var um að veitingastöðum með heilsárs opnun hefði fjölgað á Húsavík. Sumir veitingastaðir hefðu lagt sig fram við að ná til heimamanna með ýmiss konar tilboðum utan háannatíma. Viðmælendur voru þó sammála um að ýmis nýsköpun í þjónustu hefði ekki verið möguleg ef ekki væru ferðamenn. Eitt skýrasta dæmið um það, fyrir utan veitingastaðina, voru Sjóböðin við Húsavíkurhöfða. Allir bentu á að sjóböðin hefðu verið bæði kærkomin og spennandi viðbót sem hafi ekki aðeins verið ætlað að efla þjónustu við ferðamenn heldur hefðu heimamenn notið góðs af henni líka.

SJÓBÖÐUNUM VEL TEKIÐ

„Sjóböðin voru til þess að fiska ferðamanninn. Þú ert kominn með enn eitt conceptið og þetta er geðveikt. Þau voru svo hissa í sjóböðunum hvað heimamenn tóku vel í.“

Helga (H4)

FERÐAÞJÓNUSTAN FRÁBÆR VIÐBÓT

„Mér finnst ferðaþjónustan vera frábær viðbót. Sjóböðin eru nýjasta dæmið um það. Sjóböðin eru ekki reist fyrir okkur heimamenn, við skulum átta okkur á því. En það sem þeir gera hjá Sjóböðunum og hafa reyndar líka gert í Jarðböðunum og svona að bjóða árskort fyrir okkur heimamenn. En þetta var ekki byggt fyrir heimafolk. Þetta var byggt fyrst og fremst til að breyta aðráttarafli svæðisins. Ég er að segja þetta út af því að það eykur lífsgæði okkar. Það er verið að efla þjónustu við ferðamenn.“

Gunnar (H5)

Hvalaskoðunarfyrirtækin hafa tekið pláss frá sjómönnum á höfninni

Flestir viðmælendur voru sammála um að almennt hefði ferðaþjónusta farið vel með flestum atvinnugreinum í bænum og fæstir vissu til þess að til alvarlegra árekstra hefði komið. Nokkrir töluðu um að togstreitu hefði gætt milli sjómanna og ferðaþjónustunnar við höfnina. Í því samhengi nefndu viðmælendur helst tvennt. Annars vegar að sjómönnum hefði smám saman verið gert að víkja af höfninni í verbúðir fjær hafnarsvæðinu eftir því sem hvalaskoðunarfyrirtækin hafi þurft meira rými. Höfðu sumir áhyggjur af því að við það gætu menningarverðmæti sem tengdust gamla verbúðalífínu glatast. Hins vegar þá blandist saman umferð vinnuvéla í tengslum við útgerð og umferð ferðamanna og sæti það raunar undrun að ekki hafi hlotist skaði af. Ennfremur var bent á að útgerðin mætti ekki hverfa alveg af höfninni þar sem rætur ferðaþjónustunnar á Húsavík væru samofnar athafnalífínu á höfninni.

SJÓMENN Hafa ÞURFT AÐ FÆRA SIG UM SET

„Uppbygging hvalaskoðunarfyrirtækjanna er á sama stað og verbúðalífið var. Ég tel að menn verði að passa sig í þessari uppbyggingu ferðamennskunnar að átta sig á hver er grunnurinn að verðmæti hennar fyrir ferðamanninn. Hún er það að koma í þetta eðlilega umhverfi sem mannlífið var þarna, þetta gamla hafnarlíf, gamla verbúðalíf. Sjá þessar gömlu verbúðir þarna. En auðvitað er þetta samt sem áður nauðsynleg þróun líka að verbúðirnar hafi þurft að fara. Heilt yfir tengist þetta þokkalega en það hefur samt verið á mörkunum að menn hafi gleymt þessu grunnverðmæti.“

Guðmundur (H1)

HAFNARLÍFIÐ ER AÐDRÁTTARFL

„Ég man ekki eftir því að þarna hafi orðið slys niðri á Stétt. Ferðamennirnir koma þarna og eru að bíða eftir hvalaskoðun og á meðan eru þeir að labba þarna um og skoða eitthvað sem er „authentic“. Þarna eru fiskvinnslur og lyftarar sem koma og fara með gáma. Svona er bara lífið á höfninni. Ég held að túristum finnst þetta bara gaman. Helgubúð er eiginlega sú eina sem er eftir þar sem er eitthvað svona grúsk og verið að verka hákarl og svoleiðis. Túristunum finnst það bara æðislegt. Þar er ennþá þetta „authentic“ andrúmsloft af því að það er ennþá fólk þarna sem er að lifa af sjónum. Ef það er einhver pirringur þá er það bara eitthvað gamalt.“

Jóhann (H6)

BREYTT NÝTING HEFUR SKAPAÐ TOGSTREITU Á HAFNARSVÆÐINU

„Vöxtur hvalaskoðunarinnar bara rauk upp og það var núningur milli útgerðaraðila og hvalaskoðunarfyrirtækja svo það sé bara sagt. Áður þurfti ekkert að taka tillit til þess að hér sé hvalaskoðunarfyrirtæki sem þarf bílastæði, þarf gallageymslur, það þarf pláss. Það þarf umferðarmerkingu sem þurfti ekkert þegar þetta voru bara 30 trillukarlar. Þá bara gekk þetta sinn vanagang sko og allir vissu hvað þeir áttu að gera. Nú er minna húsnæði í boði fyrir þá útgerðaraðila sem kannski vildu nýta eitthvert húsnæði. Í meirihluta af verbúðunum í dag er ferðaþjónustutengd starfsemi. Kannski finnst einhverjum þetta einhver núningur en á sama tíma hefur útgerðarstarfsemi dregist verulega saman. Þannig að árekstrarnir eru kannski meira móralskir og menningarlega heldur en „actual“ árekstrar.“

Gunnar (H5)

Stöðugleiki í þjónustustigi en íbúar vilja samkeppni á matvörumarkaði

Í símakönnuninni á Húsavík var jákvæð afstaða til áhrifa ferðapjónustu á almenn lífskjör íbúa nokkuð afgerandi. Símakönnunin leiddi einnig í ljós að af íbúum bæjarfélaganna fjögurra reyndust Húsvíkingar hafa verið duglegastir allra að nýta sér ferðapjónustukosti í heimabyggð. Viðtölin leiddu í ljós að flestir höfðu helst nýtt sér fjölbreytta og nýlega tilkomna veitingahúsaflóru sem þeir voru almennt ánægðir með. Allir voru meðvitaðir um að rekstur margra veitingahúsa í bænum hefði ekki verið mögulegur ef ferðamanna hefði ekki notið við. Þrátt fyrir það voru svarendur á Húsavík á báðum áttum um áhrif ferðapjónustu á aðgengi íbúa að þjónustu. Um helmingur svarenda símakönnunar sagði að ferðapjónustan hefði jákvæð áhrif á aðgengi að þjónustu en um helmingur taldi ferðapjónustuna hvorki hafa jákvæð né neikvæð áhrif á aðgengi íbúa að þjónustu í bænum. Sumir viðmælendur efuðust um að aðrir íbúar hefðu yfirleitt velt því fyrir sér hvort tengsl væru á milli þjónustu og ferðamennsku í bænum. Ánægja með þjónustustig í bænum var eftir sem áður áberandi í viðtölunum. Jafnframt voru viðmælendur á einu máli um að hafa ekki fundið fyrir því að þjónusta hefði dregist saman samhliða íbúafækkun og samdrætti í aðalatvinnugreinum á svæðinu.


Öðru mál gegndi um mat svarenda á aðgengi íbúa að verslun. Einn af hverjum fjórum íbúum á Húsavík sagði í símakönnun að ferðapjónusta hefði neikvæð áhrif á aðgengi íbúa að verslun. Neikvæð afstaða til áhrifa á aðgengi að verslunum var mest á Húsavík (24%) samanborið við Egilsstaði (20%), Reykjanesbæ (8%) og Stykkishólm (9%). Í því samhengi ræddu viðmælendur á Húsavík einkum um matvöruverslun bæjarins sem almenn óánægja var með. Þrátt fyrir að vöruúrval hefði orðið fjölbreyttara væru tómar hillur of algeng sjón. Kölluðu viðmælendur sáran eftir samkeppni á matvörumarkaði, betra aðgengi að matvöru og lægra vöruverði sem bæði íbúar og ferðamenn myndu njóta góðs af.

KALLA EFTIR SAMKEPPNI Á MATVÖRUMARKAÐI

„Við erum ekki ánægð með búðirnar hérna af því að Samkaup á þær báðar. Við viljum samkeppni. Það er bara Krambúðin sem er rosa dýr og svo Nettó. Við viljum Bónus eða Krónuna eða eitthvað. Við viljum fá samkeppni á þennan markað. Þeir [Samkaup] stjórna rosalega mikið vöruúrvalinu og þú bara getur ekki keypt nema það sem til er hjá þeim. Krambúðin er næst tjaldstæðinu en ódýrari búðin er alveg í hinum endanum á bænum. Ef þú ert puttaferðalangur og ferð á tjaldstæðið þá þarftu að labba allan bæinn á enda ef þú ætlar að ná þér í vöru á almennilegu verði. Það er meira úrval en ekkert rosalega stór búð.“

Margrét (H3)

Mat á áhrifum ferðapjónustu á nokkra þætti á Húsavík



ÞJÓNUSTUSTIG HÁTT ÞRÁTT FYRIR ÍBÚAFÆKKUN

„Þetta er alltaf svolítið erfitt en myndum við vera með jafn öflugar búðir ef túrisminn væri ekki? Myndum við vera með jafn góða bankaþjónustu ef túrisminn væri ekki? Við erum með Sparisjóð, Landsbankann og Íslandsbanka. Það er meiriháttar. Það hefur kannski ekki verið svo mikil íbúafjölgun á Húsavík en þjónustustigið hefur kannski ekki hækkað en það hefur ekki lækkað heldur.“

Jóhann (H6)

HVAÐ HEFÐI GERST EF FERÐAMENNIRNIR HEFÐU EKKI KOMIÐ?

„Ég mundi segja bara að breytingin væri meira þjónustustig hérna. Við erum að fá meiri þjónustu og meira val út af ferðamönnum. Ég held að fólk gleymi því stundum. Það er bara gott að minna sig á það þegar fólk er orðið pirrað. Ef við hefðum ekki fengið þennan ferðamann eftir 2010, hvað þá? Það hugsar enginn þannig.“

Helga (H4)

EKKI HÆGT AÐ KENNA FERÐAMÖNNUM UM TÓMAR HILLUR

„Það kemur kannski rúta af 30 manns og brauðið, helsta grænmeti og alls konar svona vörur sem bara hverfa. En nóta bene, ég er ekki að segja að þetta sé þeim að kenna. Þetta er okkar sem við viljum fá þá hingað, við berum ábyrgð á þessu. Auðvitað finnst mér leiðinlegt að það sé búið að þurrka upp allt brauð þegar ég ætla kannski að kaupa það en þá er það bara ekki til. Það er ekki ferðamönnum að kenna, það er þá frekar búðin. Eða ég túlka það allavega þannig.“

Gunnar (H5)

Mikil atvinna í boði

Atvinnumál voru öllum viðmælendum á Húsavík hugleikin. Talað var um að Norðurþing hefði lengi verið láglaunasvæði og væri það raunar enn. Eftir erfitt atvinnuástand, uppsagnir og samdrátt fyrir fáum árum hafi mikil áhersla verið á iðnaðaruppbyggingu. Talað var um að verksmiðjan á Bakka hefði skapað mörg störf þrátt fyrir efasemdir einhverra um að störfin þar höfðuðu til heimamanna og að verksmiðjan hefði í auknum mæli þurft að reiða sig á innflutt vinnuafli.

Að mati viðmælenda hafði vöxtur hvalaskoðunarfyrtækjanna og ferðaþjónustu á svæðinu líka átt stóran þátt í að færa íbúum bæði tekjur og atvinnu þótt það hafi ef til vill ekki farið eins hátt. Allir töluðu um að ferðaþjónusta hefði skapað atvinnu bæði fyrir fólk af svæðinu, einkum ungt fólk sem væri að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði og aðkomufólk ýmist hluta úr ári eða allt árið. Flestir höfðu sögðust hafa orðið þess varir að mikið væri um útlendinga eða aðkomufólk sem kæmi á til starfa í ferðaþjónustu þegar mest er að gera. Sumir hefðu komið í „vertíðina“ ár eftir ár og einhverjir hefðu sest að á Húsavík. Þá var bent á að mörg störf væru, eftir sem áður, láglaunastörf.

LÁGLAUNASTÖRFIN MÖRG EN ATVINNULEYSI Í LÁGMARKI

„Það er nánast ekkert atvinnuleysi. Auðvitað er fullt af láglaunastörfum en það er líka svolítið erfitt af því að nú er komin þessi blessaða verksmiðja [á Bakka]. Ekki nóg með að það komi fullt af túristum heldur hefur líka komið fullt af erlendu fólki sem hefur flutt í bæjarfélagið og margir sem eru að vinna við ferðaþjónustu. En auðvitað er líka margir af þeim að vinna úti á Bakka. En það sem túrisminn gerir að verkum er að það er nóg af vinnu. Vísir [fiskvinnsla] fór náttúrulega bara með kvótann. Ef það hefði ekki verið neitt til að taka við eins og þetta. Auðvitað er dálítið erfitt að átta sig á því núna út af því að nú fengum við þessa verksmiðju þarna norðurfrá. Mér er sagt að þeir hafi átt erfitt með að manna störf í verksmiðjunni en ég geri mér ekki alveg grein fyrir því.“

Jóhann (H6)

ERLENDI VINNUAFLIÐ

„Í rauninni er þetta miklu stærra en maður gerir sér grein fyrir. Bara fólksfjöldinn sem er að vinna í hvalaskoðunarfyrtækjunum til dæmis. Maður sér það í þeim öllum að það eru útlendingar sem eru að koma sérstaklega á sumrin til að vinna í þessu. Stundum sama fólkið en svo skilst manni að það sé líka alveg nýtt en sumir koma aftur og aftur. En sumir hafa bara ílengst og flust hingað.“

Helga (H4)

FLEIRI HEILSÁRSSTÖRF Í FERÐAÞJÓNUSTU EN ÁÐUR

„Ferðaþjónustan náttúrulega veitir fólki vinnu. Það reyndar er töluvert um útlendinga sem eru að vinna, sem sagt sem kannski koma bara á sumrin að vinna. En það er líka heimafólk og ég held að með tímanum hafi skapast fleiri heilsársstörf heldur en fyrst.“

Margrét (H3)

FENGU STARF Í FERÐAÞJÓNUSTU EFTIR UPPSAGNIR Í FISKVINNSLU

„...á sama tíma voru þeir með uppbyggingu á Bakka og menn biðu með stjórnur í augunum eftir því eitthvað myndi gerast þegar það gerðist. Jú, jú, svo gerðist það að einhverju leyti og einhverjir fóru að vinna þar og vildu frekar vinna þar. Ef við tókum frystihúsið sem dæmi, það lokar í kringum 2014, þá misstu kannski 30-40 manns vinnuna. Einhverjir fóru í aðra fiskvinnslu en ég held að flestir hafi farið í eitthvað sem tengist ferðaþjónustu. Ég veit bara um talsvert af fiskvinnslufólki sem fór í að þrifa á gistiheimilum og hótélum. Sumir eru komnir með börn í skóla og hafa innvolverast í samfélagið.“

Gunnar (H5)

UNGLINGAR LÁTI ÍÞRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR VÍKJA FYRIR LAUNÆRI VINNU

„Ég er svolítið hugsuð yfir hvað krakkarnir eru ungir þegar þeir byrja að vinna. Ég er að tala um unglíngana okkar, 15, 16 ára, kannski 14 ára eru farin að standa 12 tíma vaktir í ferðaþjónustu. Þetta er ekki algilt en stundum fá þau líka vinnu í 4 tíma. Þetta er bæði jákvætt og neikvætt. Í mínum huga eru þetta börn og kannski er jákvætt að þau fái að kynnast vinnumarkaðnum. En á móti er kannski ætlast til þess að þau séu að vinna eins og fullorðnir einstaklingar. Fólk sem er að ráða þessa einstaklinga inn þurfa að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð að þeir þurfi að kenna þeim að vinna. Það gleymist stundum. Það getur verið svolítið harkaleg aðkoma að vinnumarkaði. Plús það að þegar þessi börn eru farin að vinna fyrir peningum þá láta þau það oft ganga fyrir félagsstarfi. Þau geti ekki tekið þátt í íþrótt- og félagsstarfi vegna þess að þau eru að vinna um helgar eða á kvöldin. Mér finnst það umhugsunarvert. Þau vilja standa sig. Þau eiga svo erfitt, þau eru svo ung að þau eiga svo erfitt að segja: „Heyrðu nei, ég get ekki unnið þarna af því að ég er að fara á æfingu“. Þau eru hrædd við að missa vinnuna og eru óörugg hvernig þau geta hagað sér á vinnumarkaði. Ég held að þetta sé aðallega í ferðaþjónustunni og verslun.“

Sigríður (H2)

Þjónustuaðilar ráða almennt vel við álagið

Í símakönnuninni var spurt um álag á ýmsa þjónustuðila vegna aukins fjölda ferðamanna og má sjá niðurstöður úr öllum bæjarfélögum fjórum hér til hliðar. Meirihluti svarenda var þeirrar skoðunar að þjónustuaðilar ráði vel við fjölgun ferðamanna á svæðinu og var ekki mikill munur á svörum Húsvíkinga samanborið við svör frá hinum bæjarfélögum.

Af þeim þjónustuaðilum sem spurt var um í símakönnun og koma fram á myndinni til hliðar töluðu viðmælendur í Húsavík helst um sveitarfélagið og verslanir. Frásagnir þeirra gáfu til kynna óánægju með verslun, eins og áður hefur komið fram. Þá voru viðmælendur gagnrýnir á aðgerðir sveitarfélagsins í uppbyggingu aðstöðu í bænum. Einnig komu fram sjónarmið um að sveitarfélagið hefði mátt hlúa enn betur að menningarverðmætum á höfninni og að sjómönnum þegar þeim var gert að flytja sig um set fjær höfninni.

SVEITARFÉLAGIÐ ÆTTI AÐ SKIPULEGGJA HAFNARSVÆÐIÐ BETUR

„Sveitarfélagið hefur ekki verið að búa sér nægilega vel í haginn. Sumt af þessu hefur verið bara svona einhverjar reddingar. Það er búið að gera svolítið en mér finnst það bara ekki virka. Mér finnst alveg með ólíkindum að þegar þú færð 100.000 manns í bæinn þinn af hverju bærinn ekki sinn hag í því að byggja þarna stórt og almennilegt almenningsslósett þarna niðurfrá. Það bara gjörsamlega skil ég ekki. Fyrir mér er þetta bara svo auðvelt. Það væri til dæmis bara til fyrirmyndar að byggja bara eitt klósett og búa til skilti.“


Jóhann (H6)

SVEITARFÉLAGIÐ HAFI ÁTT AÐ STYÐJA BETUR VIÐ SJÓMENN

„Eftir því sem ferðamennskan er orðin umsvifameiri þá hefur hún þessi ruðningsáhrif sem ég hef haft svolitlar áhyggjur af. Það er þrengt að sjómönnum þannig að þeir eru sumpart komnir annað. Sjómennirnir eru komnir með verbúðir upp á iðnaðarsvæði ofan við Bakkann sem kallað er. Það er ekkert kjörstaða að hafa verið áður með verbúð þarna við nokkur tugi metra frá hafnarsvæðinu fyrir bátinn sinn. En það er svo sem ekki við ferðþjónustuna að sakast eða sjómennina heldur hefur vantað svolítið á að bæjaryfirvöld væru markvissari að búa í haginn fyrir þessa þróun.“

Guðmundur (H1)


Hversu vel eða illa finnst þér eftirtaldir aðilar ráða við fjölgun ferðamanna í þinni heimabyggð?



ÁHRIF Á SAMFÉLAGIÐ

Líflegra samfélag og betri búsetuskilyrði

Niðurstöður símakönnunarinnar benda til þess að á heildina litið telji Húsvíkingar ferðamennsku og ferðaþjónustu hafa haft jákvæð áhrif á samfélagið og búsetuskilyrðin á svæðinu. Þetta er í takti við niðurstöður landskönnunar 2017 og rímar vel við niðurstöður frá hinum bæjarfélögum þremur. Meirihluti íbúa á Húsavík taldi ferðaþjónustu bæta lífsgæði heimamanna og hafa jákvæð áhrif á samfélagsandann. Þessi skoðun var undirstrikuð í viðtölunum en í þeim kom skýrt fram að ferðaþjónusta hefði leitt af sér fjölbreyttara mannlíf og þjónustu. Þetta þýddi líflegri bæ sem hafi átt sinn þátt í að bæta búsetuskilyrðin á svæðinu. Um 92% Húsvíkinga kváðust vera sáttir við að samfélagið taki einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu. Í viðtölunum kom fram að vissar breytingar hefðu þegar átt sér stað meðfram samdrætti í öðrum atvinnugreinum. Þá hafi breytingar ekki síst átt sér stað vegna þess að ferðaþjónustan snerti marga fleti samfélagsins.




FJÖLBREYTTARA SAMFÉLAG

„Ef við hefðum ekki ferðaþjónustuna þá veit ég ekki hvar við værum. Af því að við erum búin að missa fiskinn og allt þetta og íbúum fór fækkandi. Það er að breytast mikið með þessu Bakkadæmi. Sveitarfélagið er komið yfir 3000 íbúa. Þegar ég er að alast upp og er í grunnskólanum þá voru þar 4-500 börn. Þau ná ekki 300 í dag. Samsetningin er kannski ekki endilega fjölskyldufólk eða eitthvað þannig. En samt er fólk hérna, Húsvíkingar, sem vinna við þetta og það heldur fólk hér.“

Helga (H4)

Hlutfall svarenda sem voru sammála fullyrðingum



LÍFLEGRI BÆR

„Ef ég horfi á Húsavík þá er alveg víst að það hefur orðið miklu meira líf í bænum. Veitingahúsum fjölgaði og það varð miklu meiri stemning að kíkja í bæinn og rölta um. Það er mikið líf í bænum. Þú getur komið niður á höfnina og það er mikið líf þar. Og rölt inn á kaffihús. Þú getur valið um kaffihús. Það er alveg absalút að ferðaþjónustan hefur menningarlega haft heilmikil áhrif.“

Sigríður (H2)

ÚRLAUSNAREFNIN ORÐIN FLEIRI

„Nú er bara komin ný atvinnugrein sem hefur rutt sér til rúms. Á sama tíma hefur til dæmis kvótinn farið þannig að þetta kom í staðinn. Aukin þjónusta. Meiri umferð. Fleiri úrlausnarefni fyrir samfélagið sem krefjast alls konar athygli út af ferðaþjónustu og það er bara fínt.“

Gunnar (H5)

Húsnæðisskortur vandamál


Að mati meirihluta svarenda símakönnunar á Húsavík hefur ferðapjónustan haft neikvæð áhrif á framboð fasteigna á leigumarkaði í bænum en skiptar skoðanir voru um áhrif ferðapjónustu á fasteignaverð. Í viðtölunum ræddu nokkrir viðmælendur um að skortur væri á íbúðarhúsnæði í bænum sem m.a. var rakinn til þróunar í ferðapjónustu og eftirspurnar á gistirými fyrir ferðamenn og starfsfólk. Í viðtölunum kom fram að töluvert væri af heimagistingu á Húsavík og að margir íbúar hefðu séð tækifæri til að afla sér tekna með því að nota húsnæði í ferðapjónustu. Hins vegar hefði þetta einnig þrengrt að á húsnæðismarkaði. Dæmi voru um að húsnæði sem hafi til skamms tíma verið á almennum leigumarkaði hafi verið sett í útleigu til ferðamanna yfir sumarið og geri það einstaklingum á leigumarkaði erfitt fyrir. Þá hafi skarpar árstíðasveiflur í ferðamenskunni á svæðinu einnig haft áhrif á gististaði sem hafi reynt að brúa bilið með því að vera með herbergi í langtímaleigu yfir veturinn. Í viðtölunum kom fram að húsnæðisskortur og skortur á starfsfólki til að vinna ýmis störf á svæðinu hafi haldist í hendur. Talað var um að húsnæðisskortur hafi verið hindrun fyrir fyrirtæki í bænum við að fá aðkomufólk í vinnu og sum þeirra hefðu reynt að koma til móts við starfsfólk með því að leggja til húsnæði. Bent var á að húsnæðisvandamál væru ekki ný af nálinni í bænum en að aukin umsvif ferðapjónustunnar hefðu ýkt vandann og við það orðið að blóraböggli í umræðunni.

FERÐAPJÓNUSTU KENNT UM HÚSNÆÐISVANDANN


„Menn leyfa sér alltaf að tala um ferðapjónustu öðruvísi en aðrar atvinnugreinar hér. Þegar þetta átti við um frystihúsin þá var okkur alveg sama. Það kemur enn á Raufarhöfn og Húsavík fólk í tímabundin störf í fiskvinnslu. Það er enginn að amast neitt út af því, svo ég tali ekki um sláturtíðina. Þá kemur fólk hér í tvo mánuði eða þrjá og búið að byggja heilar vinnubúðir fyrir það. Ætli það fjölgi ekki samtals um svona 80-100 manns í þrjá mánuði. Það hefur ekkert að gera með ferðapjónustu. Í ferðapjónustunni er það kannski svolítið þannig að menn byrjuðu svona. Svo varð hún bara það stór að við réðum kannski ekki bara við það.“

Gunnar (H5)

Svör Húsvíkinga



Mat á áhrifum ferðapjónustu á húsnæðismarkað á Húsavík



FERÐAPJÓNUSTUFYRIRTÆKIN Í SAMA VANDA OG AÐRIR

„Húsnæðismálin hafa verið akkílesarhællinn. Húsnæði er bara lykhillinn að því að ná að ráða sér fólk og það hefur verið mikill slagur, líka fyrir hvalaskoðunarfyrirtækin og raunar farið versnandi því að eins og annars staðar hafa vinsældir Airbnb verið mjög miklar á Húsavík. Það er kominn mjög mikill fjöldi íbúða í það og það er ekki hægt að hafa starfsfólk ferðamanna þar á sama tíma.“

Guðmundur (H1)

VILL HELDUR LEIGJA FERÐAMÖNNUM ÞRÁTT FYRIR EFTIRSPURN UM LANGTÍMALEIGU

„Ég á íbúð sem er í leigu til ferðamanna og það hefur gengið vel. Sumarið er þéttsetið og síðan hefur mikið verið spurt um hana í leigu bara allan veturinn. Bara taka hana í leigu allan veturinn. En mig langaði bara rosalega að upplifa það sjálf, er eitthvað um að vera eða er ekkert um að vera. Það slapp alveg til þó að nýtingin sé ekki 100% eða 90% eins og um sumarið.“

Helga (H4)

GISTIHEIMILIN REYNA LÍKA AÐ LIFA AF ÁRSTÍÐASVEIFLUR

„Það hefur sprottið alveg ógrynni af svona gistiheimilum og þessu Airbnb-dæmi. Það er held ég bara 90 daga útleiga á þeim íbúðum. En ég veit að gistiheimili hafa verið að auglýsa herbergi til langtímaleigu í vetur. Þannig að þau ætla sér að ná í þá sem eru í lausamenskun eða eru kannski í skóla eða eitthvað.“

Margrét (H3)

Miðbæjarskipulag veldur heimamönnum og ferðamönnum vandræðum

Húsavíkingar voru flestir sammála um að aukinn umferðarþungi og -tafir í bænum væru í beinum tengslum við ferðapjónustu í bænum. Frásagnir íbúa af umferðarmálum í miðbæ Húsavíkur á háönn ferðapjónustunnar studdu þetta. Allar vísuðu þær til aðstæðna í umferð gangandi og akandi um miðbæ Húsavíkur (Garðarsbraut) sem um nokkurt skeið hefðu leitt til óánægju, óþols eða þirringis hjá heimamönnum. Viðmælendur greindu frá því að íbúar, sem lendi í umferðaröngþveiti í bænum, láti gremju sína í ljós með því að leggjast á flautuna. Fram kom í viðtölunum að mótmælum heimamanna væri ekki beint að ferðamönnum sjálfum heldur að þeim sem bæru ábyrgð á skipulaginu og að þeim sem ekki fara eftir settum reglum í umferðinni. Fram kom að sveitarfélagið, fyrirtæki og stofnanir í miðbænum hefðu reynt að bregðast við vandanum. Sveitarfélagið hefði m.a. bætt við gangbrautum á Garðarsbraut og lækkað hámarkshraða. Fyrirtæki og stofnanir hefðu í auknum mæli sérmerkt bílastæði sín handa starfsfólki og viðskiptavinum til að koma í veg fyrir að ferðamenn, sem ekki viti betur, leggi í þau. Fram kom að þrátt fyrir að þessar aðgerðir hefðu að einhverju leyti bætt stöðuna hefðu þær ekki dugað til. Kallað var eftir enn róttækari úrbótum í skipulagsmálum miðbæjarins til þess að mæta þörfum heimamanna og ferðamanna.

UMFERÐARMÁL Í MIÐBÆ VALDI ÞIRRINGI


„Umferðin um þjóðveginn sem klýfur miðbæinn er mjög vond. Menn leggja hérna að austanverðu og labba svo niður í bæ yfir Garðarsbrautina. Gangbrautum var reyndar fjölgað en þetta hefur stundum verið eins og að keyra inn í kindahjörð í september þegar verið er að smala. Það eru ferðamennirnir hérna frá miðjum júní og fram í ágúst er bara talsvert mikið af ferðamönnum. Sumum finnst þeir vera fyrir og flauta á fólkið. Fólk leggur bílum mjög mismunandi, þú þarft ekkert að vera útlendingur til þess, þú getur alveg verið Íslendingur. Og fólk stoppar svolítið úti á miðri götu og það fer bara einhver út úr bílnum og skilur hann bara eftir á aðalgötunni [Garðarsbraut] og það er bara ekkert endilega gott sko.“

Gunnar (H5)

SKIPULAGSLEYSI ORSÖK LEIÐINDA

„Sveitarfélagið er ekki reiðubúið að búa til bílastæði fyrir allan þennan bílafloata sem kemur hingað í bæinn. Það er neikvætt. Ef sveitarfélagið beinir ekki fólki hvar það megi leggjja þá byrja túristar bara að leggjja þar sem þeir geta, jafnvel fyrir framan íbúðarhús hjá fólki. Þá býr maður til leiðindi. Að mínu mati er það ekki túristunum eða fólkinu sem býr í húsunum að kenna. Þetta er yfirvöldum að kenna sem eru ekki að skipuleggja sig. Þetta var stórt vandamál fyrir svona 10 árum en undanfarnir 3-4 ár hefur skipulagið batnað en mætti vera betra.“

Jóhann (H6)



ÞIRRINGUR HEIMAMANNA BITNAR Á FERÐAMÖNNUM

„Það er sannarlega í samfélaginu viss þirringur út í ferðamennina. Það birtist meðal annars í því að ef rúta stoppar úti á götu eru menn duglegir að liggja á flautunum. Rúturnar eru að koma með helling af ferðamönnum inn í bæinn sem við viljum auðvitað fá og þær stoppa þarna fyrir framan [hvalaskoðunarfyrirtækin] til að koma ferðamönnum í miðasöluhús sem eru þarna við aðalgötuna. Stundum bara stoppa rútur á aðalgötunni og hleypa þeim út, auðvitað ekki nákvæmlega eftir umferðarreglum. Þá er flautað á rútna. [Spyrill: Er þá ekki flautað á fólkið?] Ja, sko, fólkið sem labbar út úr rútnunni, það upplifir auðvitað þennan þirring.“

Guðmundur (H1)

ÍBÚAR VILJA BREYTINGAR

„Það er búið að sérmerkja flest bílastæði í bænum, fólk bara parkeraði. Og svo höfðum við ekki stæði þegar við komum til vinnu. Fólk hérna er oft pirrað á sumrin, sérstaklega þegar það eru langar raðir. Við erum svolítið að flauta. Við erum orðin þínu pirruð á þessu. Ég myndi vilja að þeim sem eru að fara í hvalaskoðun yrði gert að fara niður fyrir bakkann og þar yrði gert gott stæði fyrir bæði rútur og aðra. Og þá erum við kannski ekki með svona rosalegan bílafjölda hérna uppi. Það eru leiðir að bryggjunni á fleiri en einum stað, þannig að það er alveg hægt að gera þetta einfaldara.“

Margrét (H3)

Áhyggjur af umgengni ferðamanna


Í símakönnun kom fram að 27% Húsvíkinga höfðu vikulega orðið vitni af óæskilegri hegðun, athöfnum eða framkomu ferðamanna í heimabyggðinni á síðustu 6 mánuðum. Samanburður við hin bæjarfélögin þrjú leiddi í ljós að aðeins á Egilsstöðum höfðu fleiri íbúar orðið vikulega varir við viðlíka. Þrátt fyrir að íbúar hafi eitthvað við athæfi og framferði ferðamanna að athuga þá er ekki víst að þeir bregðist við. Niðurstöður símakönnunar sýndu nefnilega að 73% svarenda á Húsavík höfðu á síðustu 6 mánuðum aldrei látið ferðamenn vita ef hegðun, athafnir eða framkoma þeirra á svæðinu væri talin óæskileg. Í viðtölunum komu fram frásagnir af aðstæðum sem upp hafa komið og heimamönnum hafa þótt óþægilegar s.s. í umferðamálum (sjá næstu síðu á undan). Nokkrar frásagnir komu fram af viðbrögðum heimamanna við bílum sem stundum hafi verið lagt næturlangt á útskotum á vegum í sveitinni kringum Húsavík. Af frásögnum að dæma veldur það heimamönnum gremju þegar ferðamenn fara gegn viðteknum venjum um að nota viðurkennd þjónustuvæði við slíkar aðstæður. Fram kom að sumir heimamenn hafi fyrir sið að mótmæla bílunum með bílflauti þegar keyrt væri framhjá. Viðmælendur tóku fram að mótmælum hafi ekki verið beint að ferðamönnum heldur að bílaleigum og að opinberu yfirvaldi sem beri ábyrgð á því að upplýsa ferðamenn um viðteknar venjur hér á landi. Kallað var eftir því að þessir aðilar stæðu betur að upplýsingagiöfni til að koma í veg fyrir að slíkar aðstæður komi upp þar sem ferðamenn ættu skellinn ekki skilið.

FERÐAMENN VITA EKKI BETUR

„Ég veit að sumir sem eru að keyra úr sveitinni snemma á morgnana og í vinnu hér. Þeir liggja á flautunni til þess að trufla svefninn hjá fólki. Svo kannski labba þeir og það er bara mannaskítur. Þannig að þetta er vel skiljanlegt. En ég held að þetta sé bara á ábyrgð þeirra sem að eiga bílana. Það er við bílaleigurnar að sakast að ferðamenn leggja út um allt. Af því að það er örugglega búið að segja þeim það. „Það er enginn að skipta sér af ykkur, þið getið bara verið þar sem þið viljið“. Það er það sem þessar svo fólk. En við megum kannski ekki láta það þetta okkur of mikið af því að í rauninni vita þeir ekki betur.“

Margrét (H3)

Hversu oft á síðustu 6 mánuðum hefur þú orðið vitni að óæskilegri hegðun, athöfnum eða framkomu ferðamanna í þinni heimabyggð?



LÉLEGAR UPPLÝSINGAR ÞJÓNUSTAÐILA VEKJA NEIKVÆTT UMTAL

„Það er mikið af ferðamönnum á bílaleigubílum og allt í góðu með það. Ég veit að þeir eru að leigja þessa bíla dýrt. Þetta eru ekkert alltaf húsbílar, þetta getur verið Yaris sem fólk er að gista í. Og gott og vel, það er hægt að gista í bílunum. En við vitum hvað fylgir því. Fólk þarf að gera þarfir sínar og það gerir það þá úti í móta hér og þar. Einhvers staðar fær fólk þær upplýsingar um að þetta sé í lagi. Og þarna finnst mér bara bílaleigurnar dálítið ábyrgar. Af því að ég veit að þær eru að leigja bíla með öllum útbúnaði. Og segja bara: „svo getið þið stoppað bara hvar sem er og gist. Þið þurfið ekkert að borga, þið þurfið ekki að vera á tjaldstæði“. En þetta gerir það að verkum og ég finn það í kringum mig að það fer að verða neikvæð umræða um ferðamennina. Af því að það eru þeir sem fá skellinn, þeir sem fá stimpilinn. En í mínum huga er þarna þeir sem selja landið, það eru þeir sem eru svolítið ábyrgir fyrir því hvernig þeir eru að gefa upplýsingar og hvernig eigi að ganga um. Og ég hef áhyggjur af þessu.“

Sigríður (H2)

ÞARF MEIRI FYRIRHYGGJU

„Það vilja allir fá ferðamanninn í bæinn, það vilja allir hafa mikið að gera í hvalaskoðuninni á veitingastöðunum og í annarri þjónustu. Það gerist ekki öðruvísi en að þetta fólk einhvern veginn komi í bæinn og því fylgja svona aukahlutir. Inn í þetta blandast bæjaryfirvöldin sem hafa kannski ekki unnið nógu markvisst. Það er alltaf verið að horfa á þetta eftir á heldur en að vera á undan og búa í haginn fyrir þessa þróun sem var fyrirsjáanleg og er orðin fyrirsjáanleg þannig að það þarf eitthvað að bregðast við henni. En ég nefni þetta bara sem dæmi að það ber á þessum pirringi sem er ekki alveg konsekvens þegar menn vilja hafa allan ávinninginn af þessu.“

Guðmundur (H1)

EYKUR FERÐAÞJÓNUSTA BJARTSÝNI OG Hafa ÍBÚAR EITTHVAÐ UM ÞRÓUN HENNAÐ SEGJA?

Einhugur var meðal svarenda símakönnunar og hjá öllum þeim sem rætt var við í viðtölunum um að ferðaþjónusta hafi aukið bjartsýni á framtíð samfélagsins á Húsavík. Húsvíkingar voru marktækt líklegri til að vera bjartsýnir en svarendur á Egilsstöðum, Reykjanesbæ og Stykkishólmi. Í viðtölunum á Húsavík voru sjónarmið um atvinnusköpun og tækifæri áberandi og að þrátt fyrir einhverja hnökra nyti ferðamennskan í bænum stuðnings frá íbúunum. Fram kom að Húsvíkingar hefðu ekki alltaf haft ástæðu til að horfa björtum augum til framtíðar og að uppbygging stóriðju á Bakka hefði komið til vegna slæmrar þróunar í samfélaginu. Aftur á móti voru viðmælendur ekki sammála um að atvinnuuppbygging á Bakka hefði aukið bjartsýni á sama hátt og ferðaþjónustan hefði gert. En þrátt fyrir almenna bjartsýni töldu flestir íbúar í bæjarfélögunum fjórum sig ekki hafa mikla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustunnar í sinni heimabyggð. Viðmælendur á Húsavík höfðu skiptar skoðanir á þessu og nokkrir töldu að kjörnir fulltrúar ættu að tala máli íbúanna ef þörf krefði.

ÍBÚAR VILJI NÝTA TÆKIFÆRIN OG VANDA TIL VERKA

„Fólk sér tækifæri í ferðaþjónustunni og margir hafa náð að nýta húsnaði sitt eða hugmyndir sínar. Það eru margir að hugsa út í ferðaþjónustuna. Maður fer í kaffi eitthvað og ferðaþjónustan kemur oft upp í umræðuna, hvað sé hægt að gera en auvitað líka þessir neikvæðu punktar. En mér finnst svona í gegnum tíðina þá hefur fólk verið að hugsa hvernig við getum tekið á móti ferðamönnum betur og hvernig við getum nýtt þetta betur. Þannig að mér finnst svona samfélagið vera þannig þenkjandi.“
Sigríður (H2)

Samfélagið og bærinn gætu tekið við fleiri ferðamönnum


Viðmælendur höfðu ekki áhyggjur af því að fjölgun ferðamanna utan háannar hefði mikil áhrif á þeirra daglega líf eða samfélagið. Frekari fjölgun yfir sumartímammiðað við óbreyttar aðstæður í miðbænum var þó ekki ákjósanleg sviðsmynd að mati viðmælanda. Engum hugnaðist vel tilhugsunin um að ferðamenn myndu hætta að koma. Það myndi þýða verulegan samdrátt í verslun og þjónustu sem kæmi niður á íbúunum og andrúmsloftinu í samfélaginu.

BJARTSÝNI Í SAMFÉLAGINU MEIRI EN OFT ÁÐUR

„Þegar kaupfélagið fór á hausinn þá var ekkert mjög jákvætt hljóðið í heimamönnum en það hefur orðið jákvæðara síðan. Það er ekki Bakka að þakka, það er ferðaþjónustunni að þakka. Ég held að fólk geri sér kannski ekkert grein fyrir því hvað þetta er mikil innspýting ekki bara fyrir Húsavík heldur líka sveitina í kring.“

Jóhann (H6)

Telur þú að ferðaþjónusta hafi aukið eða dregið úr bjartsýni á framtíð samfélagsins í þinni heimabyggð?




VILJA EKKI MISSA FERÐAMENNINA ÚR BÆNUM

„Miðað við hvað ferðaþjónustan hefur átt stóran þátt í að færa samfélagið til jákvæðrar áttar þá auðvitað er það sjálfgefið hvað mér finnst ef ferðamenn hættu að koma. Ég held að í sjálfu sér sé enginn og þó svo einhver í pirringi sínum leggist á flautuna þá er vonandi varla ekki finnandi sá aðili sem myndi vilja missa þetta.“

Guðmundur (H1)

Telur þú þig hafa mikla/litla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustunnar í heimab.?



SAMANTEKT

Ferðamenn og ferðaþjónusta setja sannarlega mikinn svip á mannlífið á Húsavík, ekki síst yfir sumartímann. Af þeim bæjarfélögum sem voru til rannsóknar á árinu 2018 var Húsavík eina bæjarfélagið þar sem viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu höfðu verið rannsökuð áður. Líkt og 2015, voru Húsvíkingar á því að hvalaskoðun væri stærsta aðráttarafi bæjarins og enn var ánægja meðal íbúa með að ímynd bæjarins tengdist hvöllum. Raunar mátti greina nokkuð stolt í viðtölunum yfir því hversu vel Húsvíkingum hefði tekist að skapa sér skýra ímynd sem höfuðborg hvalaskoðunar á Íslandi. Með öðrum orðum þá eru Húsvíkingar ánægðir með komu ferðamanna og voru á því að þeir lifguðu mjög upp á mannlíf staðarins og fæstir höfðu orðið fyrir ónæði af þeirra hálfu. Árið 2015 voru ferðamenn mest á litlu svæði í miðbænum og á Hafnarstétt. Árið 2018 voru flestir enn á sama litla svæðinu en þó er stærra svæði nú markað ferðamennskunni eða allt frá tjaldsvæðinu í norðri að aðal matvöruversluninni, sem fyrir fáum árum var færð úr miðbænum í útjaðar hans að sunnanverðu. Viðbúið þótti að Sjöböðin, sem heimamenn voru mjög ánægðir með, myndu auka umferð í norðurhluta bæjarins.

Efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar er óumdeilt og jákvæð afstaða Húsvíkinga um áhrif ferðaþjónustu á lífskjör íbúa var afgerandi. Í niðurstöðum kom fram að hvalaskoðunarfyrtækin hefðu haft mikla og margþætta þýðingu fyrir samfélag heimamanna á Húsavík og í gegnum tíðina hefðu áhrif þeirra mögulega verið meiri í samfélaginu en íbúar hefðu áður gert sér grein fyrir. Atvinnumál voru ofarlega á baugi í viðtölum við bæjarbúa sem sögðust ekki alltaf haft ástæðu til bjartsýni þegar atvinnuástand var erfitt. Í viðtölum kom fram að iðnaðaruppbygging á Bakka og ferðaþjónusta, sem hefði bæði reynst atvinnuskapandi og ýtt undir fjölbreytni í atvinnulífinu, hefði tekist að snúa neikvæðri samfélagsþróun við. Fyrst og fremst sáu Húsvíkingar að ný atvinnutækifæri hefðu orðið til í ferðaþjónustu sem ekki voru til staðar áður. Árstíðasveifla veldur því þó að Húsvíkingar telja störf í ferðaþjónustu ekki vera heilsárs störf.

Símakönnun leiddi í ljós að á heildina litið var mikið ánægja í samfélaginu með ferðaþjónustu á Húsavík og að stærstu kostir hennar væru líflegra samfélag, betri búsetuskilyrði og aukin lífsgæði. Húsvíkingar eru duglegir að nýta sér þá fjölbreyttu þjónustu sem ferðaþjónustan hefur skapað. Húsvíkingar upplifa ákveðinn stöðugleika í þjónustustigi og töldu að vegna umsvifa í ferðaþjónustu og fjölda ferðamanna hefði þjónusta á svæðinu ekki dregist saman þrátt fyrir íbúafækkun og samdrátt í öðrum atvinnugreinum. Bent var á að sumt af því sem er í boði fyrir ferðamenn höfði ekki til heimamanna en það olli þó engri óánægju. Nokkur óánægja var með matvöruverslun en hún beindist ekki beint að ferðamönnum sjálfum heldur tengdist hún meira takmörkuðu vöruúrvali og var kallað eftir samkeppni á matvörumarkaði.

Mesta óánægjan tengdist þremur þáttum. Í fyrsta lagi miðbæjarskipulagi sem hafi valdið bæði heimamönnum og ferðamönnum vandræðum. Í rannsókninni 2015 kom fram að ferðamönnum væri hætta búin í umferð miðbæjarins og kölluðu íbúar m.a. eftir skipulagningu bílastæða og gangbrauta. Í rannsókninni 2018 kom fram gagnrýni heimamanna á aðgerðir sveitarfélagsins og að úrbætur hafi ekki dugað til. Enn væri umferðaöngþveiti á ákveðnum tímum, enn væru vandræði með bílastæði, enn væri mikil hætta í umferðinni. Reiðir íbúar hafa látið gremju sína bitna á ferðamönnum. Í öðru lagi töluðu Húsvíkingar um húsnæðisskort sem hefði lengi verið vandamál í bænum sem varð enn ýktara þegar ferðaþjónustan fór að taka meira pláss. Í þriðja lagi voru það áhyggjur af umgengni ferðamanna sem hafi leitt af sér reiði og pirring. Öll merki um pirring heimamanna áttu það sameiginlegt að vera ekki beint að ferðamönnum heldur vildu menn meina að bæði skipulagsyfirvöld sem og fyrirtækin sjálf þyrftu að standa sig betur í því að upplýsa og fræða ferðamenn.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ – ALLIR STAÐIR

Í þessari rannsókn hafa viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu í fjórum ólíkum bæjarfélögum verið til skoðunar. Öll eiga bæjarfélögin það sameiginlegt að vera áfanga- og viðkomustaðir erlendra ferðamanna sem ferðast um landið. Kannaðar voru bæði sértækar og staðbundnar áskoranir sem fylgja uppbyggingu ferðaþjónustu og móttöku ferðamanna á þessum stöðum og hafa nýjar vísbindingar bæst við um viðhorf heimamanna og aðrar festar betur í sessi. Í þessum lokakafli, sem er eins í öllum samantektunum fjórum, er horft á niðurstöður rannsóknarinnar í bæjarfélögunum fjórum í heild með tilliti til hvað var svæðunum sameiginlegt og hvað var ólíkt.

Áhrif ferðamennsku alls staðar mikil en áherslur ólíkar

Nokkur sameiginleg stef komu fram sem staðfesta að ferðamennskan hefur mikil áhrif á samfélag heimamanna. Auk þess komu fram ólíkar áherslur í viðhorfum sem renna stöðum undir þær kenningar ferðamálafræðinnar um að áhrif ferðamennsku séu nátengd staðbundnum einkennum hvers staðar. Fyrir utan séreinkenni ferðamennskunnar, sem tengist aðráttarafli og þjónustu á hverju svæði fyrir sig, reyndist ein skýrasta birtingarmynd þessa í rannsókninni tengjast atvinnuþróun, sögu og samsetningu hvers bæjarfélags sem hefur haft mótandi áhrif á samfélagið. Þessi munur kom vel í ljós þegar heimamenn voru spurðir um hver þeim þættu mestu áhrif ferðamennskunnar vera í eigin samfélagi. Húsvíkum fannst mestu áhrifin felast í fjölbreytileika mannlífsins og þjónustunni sem hafi gert bæinn lífflegri. Í Reykjanesbæ voru auknar tekjur heimamanna efst á blaði og á Egilsstöðum var það betri þjónusta. Í Stykkishólmi voru áhrifin sýnilegust í hækkandi fasteignaverði þar sem eftirspurn væri meiri en framboð.

Íbúar bæjarfélaganna voru nokkuð sammála um mikilvægi greinarinnar fyrir samfélagið. Heilt yfir var jákvæðni heimamanna nokkuð afgerandi og voru flestir þeirrar skoðunar að ferðamennska hefði bæði bætt lífsgæði og lífskjör í samfélaginu. Einhugur var um efnahagslegt mikilvægi atvinnugreinarinnar fyrir samfélagið og að ferðaþjónusta hafi bæði verið atvinnuskapandi og ýtt undir fjölbreytni í atvinnulífi. Á öllum stöðum hafði þjónustustig haldist hátt að mati heimamanna. Á minni stöðunum horfðu íbúar til ferðaþjónustunnar sem

áhrifavalds í því að þjónustustigið hafi að ekki lækkað þrátt fyrir aðrar samfélagsbreytingar á borð við breytingar í atvinnuháttum eða neikvæða þróun íbúafjölda. Þetta sást vel á Húsavík þar sem samfélagið hefur um langt skeið barist við langvarandi íbúafækkun og samdrátt í sjávarútvegi og kjötvinnslu. Ráðist var í iðnaðaruppbyggingu á Bakka sem ásamt ferðaþjónustu virðist hafa snúið neikvæðri þróun við. Hvalaskoðunin hófst á árunum upp úr 1990 og þróaðist smám saman yfir í að verða eitt stærsta aðráttarafi landsins fyrir ferðamenn. Í rannsókninni kom fram að hvalaskoðunin hafi að mati heimamanna reynst samfélaginu mikilvæg fyrir að halda þjónustu á svæðinu þar sem hún dregur til sín mikinn fjölda ferðamanna. Á Egilsstöðum var ánægja heimamanna með þjónustustig sem rauður þráður í gegnum rannsóknina. Þjónustan þar tengist hlutverki bæjarins sem þjónustumiðstöðvar fyrir landsfjórðunginn og fyrir þá umferð sem þar fer í gegn. Egilsstaðabúar sáu hátt þjónustustig sem samnefnara fyrir helstu styrkleika ferðaþjónustunnar og fyrir eigin búsetuskilyrði og lífsgæði. Þar kom fram að samfélag heimamanna hefði opnast samhliða auknu framboði á þjónustu. Í Stykkishólmi varð hluti samfélagsins, sem hafði byggt afkomuna á hörpuskelveiðum, fyrir áfalli þegar stofninn hrundi og fjöldi fólks missti lífsviðurværið. Í rannsókninni kom fram að áföll í atvinnulífi hefðu knúið íbúa til nýsköpunar. Heimamenn litu á fjölbreytni í atvinnulífinu, sem ferðaþjónustan var hluti af, sem einn af stærstu kostum samfélagsins og væri afkoma heimamanna ekki háð afkomu einnar atvinnugreinar. Í Reykjanesbæ var efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu mjög áberandi í öllum niðurstöðum rannsóknarinnar. Keflavíkurflugvöllur er í huga íbúa Reykjanesbæjar lífæð atvinnulífsins og töldu menn að það væru ekki mörg bæjarfélög á landinu þar sem jafn margir íbúar hefðu ferðaþjónustu að atvinnu á ársgrundvelli. Að mati heimamanna eru bein tengsl milli fjölgunar ferðamanna til landsins, fjölgunar starfa á Keflavíkurflugvelli og íbúafjölgunar í Reykjanesbæ.

Í öllum bæjarfélögunum kom fram að auðvelt væri að fá vinnu í ferðaþjónustu og að alltaf vantaði fólk í vinnu í greininni. Einnig kom fram að meirihluti íbúa á öllum stöðum taldi ferðaþjónustu ekki taka til sín starfsfólk frá öðrum atvinnugreinum. Þetta bendir til þess að ferðaþjónusta hafi ekki haft ruðningsáhrif á aðrar

